

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B79-81

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 79-81

Nr. 488-521

2003

Efnisyfirlit B 79-81 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
488	3. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 146, 26. febrúar 2003, um togveiðar á kolmunna 2003	1569
489	3. júlí	Reglugerð um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiarinu 2003/2004	1569-1570
490	3. júlí	Auglýsing um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá	1571-1573
491	3. júlí	Auglýsing um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum	1573-1574
492	4. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim .	1574-1575
493	1. júlí	Reglugerð um forval og skilgreiningu íslenskra fyrirtækja vegna útboðs á grundvelli sjóflutningasamningsins	1575
494	27. júní	Reglur um breytingu á reglum nr. 322/2003, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004	1576
495	3. júlí	Auglýsing um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og Noregi	1576
496	3. júlí	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 341, 26. apríl 2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Myanmar, Tælandi og Víetnam	1577
497	3. júlí	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 83, 11. febrúar 2003 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína	1577
498	4. júlí	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík	1578
499	20. júní	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla	1579-1584
500	19. júní	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1584
501	30. júní	Reglugerð um úrvinnslugjald	1585-1590
502	26. júní	Reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum	1591-1596
503	26. júní	Auglýsing um deiliskipulagstillögu fyrir stofnanaþöð við Sæunnargötu 2A í Borgarnesi	1596
504	27. júní	Reglur um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu	1597-1598
505	27. júní	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Skorradalshreppi	1599
506	30. júní	Auglýsing um deiliskipulag spildu úr landi Hraðastaða í Mosfellsdal, Mosfellsbæ	1599
507	5. júlí	Auglýsing um deiliskipulag í Bessastaðahreppi	1600
508	30. júní	Reglur um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning, með síðari breytingum	1600

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 2003

3. júlí 2003

1569

Nr. 488

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 146, 26. febrúar 2003,
um togveiðar á kolmunna 2003.

1. gr.

Í stað „318 þús. lestir“ í 2. másl. 1. gr. komi: 547 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

3. júlí 2003

Nr. 489

REGLUGERÐ

um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2003/2004.

1. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2003 til 31. ágúst 2004 er leyfilegur heildaraflí sem hér segir:

Tegund	Lestir
Porskur	209.000
Ýsa	75.000
Ufsi	50.000
Gullkarfi	35.000
Djúpkarfi	22.000
Grálúða	23.000
Steinbítur	16.000

Tegund	Lestir
Skrápflúra	5.000
Skarkoli	4.500
Sandkoli	7.000
Keila	3.500
Langa	3.000
Pykkvalúra	1.600
Skötuselur	2.000
Langlúra	1.500
Síld	110.000
Innfjarðarækja	1.350
Úthafsækja	20.000
Humar	1.600
Hörpudiskur	0

Ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir rækju verður endurskoðuð að lokinni úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar á rækjustofnunum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 2003

3. júlí 2003

1571

Nr. 490

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Grænland	Kúba	Nýja Sjáland	Suður Afríka
Argentína	Gvatemala	Lettland	Óman	Suður Kórea
Ástralía	Hondúras	Litháen	Pakistan	Súrínam
Bangladess	Indland	Madagaskar	Panama	Sviss
Brasilía	Indónesía	Malasía	Papúa	Taíland
Búlgaríá	Íran	Maldíveyjar	Perú	Taívan
Eistland	Jamaíka	Marokkó	Pólland	Tansanía
Ekvador	Japan	Máritanía	Rússland	Tékkland
Falklandseyjar	Jemen	Máritíus	Senegal	Túnis
Filippseyjar	Kanada	Mexíkó	Seychelleseyjar	Tyrkland
Fílabeinsströndin	Kasakstan	Mósambík	Singapúr	Úganda
Gabon	Kína	Namibía	Síle (Chile)	Úrúgvæ
Gambía	Kostaríka	Nikaragúa	Slóvenía	Venesúela
Gana	Kólumbía	Nígería	Srí Lanka	Víetnam
Gínea Conakry	Krótía	Nýja Kaledónía		

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Alsír	El Salvador	Kamerún	Salómonseyjar
Angóla	Erítrea	Kenía	Sameinuðu arabísku furstadæmin
Antígva og Barbúda - Aðeins heimill innflutningur á ferskum fiski.	Fídjieyjar	Kongó - Aðeins heimill innflutningur sjávarafurða sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi.	Sankti Helena
Armenía - Aðeins heimild til innflutnings á lifandi vatna-krabba.	Franska Pólinesía	Kýpur	Sankti Pierre og Miquelon
Aserbaídsjan - Aðeins heimill innflutningur á kavíar.	Grenada	Malta	Serbía og Svartfjallaland - Aðeins heimill innflutningur villts fisks sem ætlaður er til manneldis. Heimildin nær ekki til innflutnings frá Kósovó.
Bahamaeyjar	Hollensku Antillur	Mayotte - Aðeins heimilt að flytja inn ferskar, óunnar eldisafurðir.	Simbabve
Bandaríkin	Hong Kong	Mjanmar (Burma)	Tógó
Belís	Hvíta-Rússland	Rúmenía	Ungverjaland - Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.
Benín	Ísrael		

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía	Suður Kórea
Jamaíka - Aðeins heimilt að flytja inn sæsnigla.	Taíland
Japan	Túnis
Marokkó	Tyrkland
Perú	Úrúgvæ
Síle (Chile)	Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með influtningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Bandaríkin
Grænland
Kanada
Nýja Sjáland

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Portó Ríkó, enda komi mjölið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

Heimilt er að flytja inn lýsi frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. enda komi lýsið frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 572 frá 17. júlí 2002, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- og/eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum sem ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innihalda litarfnið Sudan I séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins þurrkaðan, gróf- eða fín malaðan sterkan chilépipar af ættinni *Capsicum* eða afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki litarefnið Sudan 1.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki Sudan 1 litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og öðlast gildi við birtingu. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII kafla, II. viðauka (2003/460/EB).

Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. orðast svo:

Þeir sem flytja inn, framleiða, markaðssetja, leigja eða dreifa leikvallatækjum hér á landi eða ætla að flytja þau út til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu skulu geta sýnt fram á að viðkomandi tæki uppfylli kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallatæki og undirlag þeirra, ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I. Þetta skal a.m.k. gert með yfirlýsingu framleiðenda, ásamt rökstuddri umsögn þar sem fram skulu koma tæknilegar upplýsingar um einstök leikvallatæki unnin af aðila með sérþekkingu á framangreindum stöðlum og með hliðsjón af ÍST EN 45004.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu að höfðu samráði við viðskiptaráðherra. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um forval og skilgreiningu íslenskra fyrirtækja
vegna útboðs á grundvelli sjóflutningasamningsins.**

1. gr.

Við forval íslenskra fyrirtækja vegna útboðs fraktflutninga milli Íslands og Bandaríkjanna, sem boðnir eru út á grundvelli samnings milli Lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna, frá 24. september 1986 og samkomulags varðandi þann samning, dags. 24. september 1986, skal beita þeim viðmiðum er greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Skilgreiningar.

Við forval vegna þessa útboðs skal skilgreina hugtökin „skip sem íslensk skipafélög gera út“ með svofelldum hætti:

a. „Íslensk skipafélög“ skulu teljast þau félög, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði, sbr. j - lið 1. gr. laga nr. 82/2000 um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna:

1. Eru skráð á Íslandi og starfrækja höfuðstöðvar sínar hér á landi.
2. Eru landfræðilega staðsett á Íslandi og lúta íslenskri lögsögu.
3. Fyrirsvarsmenn og lykilstarfsfólk fyrirtækjanna eru búsett á Íslandi.

b. „Skip sem íslensk skipafélög gera út“ skulu teljast skip, sem eru undir yfirstjórn og yfirráðum íslenskra skipafélaga. Í því felst að íslensk skipafélög skulu hafa húsbónda-vald yfir áhöfn skipanna og ráðningarsamband við áhöfn þess.

Við forval vegna þessa útboðs skal einvörðungu meta hvort þátttakendur í forvalinu uppfylli skilyrði a. og b. liðar 1. mgr., en ekki þau önnur atriði er lúta að verkreynslu þeirra eða hæfni til að uppfylla samning, sem greind eru í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 82/2000.

3. gr.

Lagaheimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í j-lið 1. gr., 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 82/2000 og tekur þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2003.

Haldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 322/2003, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 2. gr. reglnanna, sem varðar fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild, breytist og verður svohljóðandi:

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 75.

2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu hjúkrunarfræðideildar, og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. júní 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og Noregi.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er óheimilt að flytja inn óslægðan lax, sjóbirting og regnbogasilung frá Færeyjum og Noregi.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 713/2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og auglýsing nr. 714/2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 341, 26. apríl 2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Myanmar, Tælandi og Víetnam.

1. gr.

2. gr. auglýsingarinnar verður svohljóðandi:

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn rækju frá Tælandi sem nota á til manneiddis, ef heilbrigðisvottorð sendingarinnar er gefið út fyrir 21. september 2002.

2. gr.

3. gr. auglýsingarinnar fellur niður.

3. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 83, 11. febrúar 2003 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessarar greinar er heimilt að flytja inn flök af laxi af tegundinni salmon salar.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Dyrhamrar 28.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Dyrhamra 28.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Safamýri 28.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. júní 2003, deiliskipulag fyrir Safamýri 28, íþróttasvæði Fram.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. júlí 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2003

20. júní 2003

1579

Nr. 499

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Í stað kaflans Bygginga- og trúðnir bls. 83 - 91 komi nýr kafli sem ber yfirskriftina Bygginga- og mannvirkjagreinir og lýsir eftirtöldum námsbrautum:

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)

20 ein.

Grunnnámið veitir almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í bygginga- og mannvirkjagreinum, þ.e. húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múraraiðn, pípulögnum og veggfóðrun/dúkalögn. Meðalnámstími er ein önn í skóla.

Almennar greinar

5 ein.

Lífsleikni	LKN 101 111	2 ein.
Stærðfræði	STÆ 102	2 ein.
Íþróttir	ÍPR 101	1 ein.

Sérgreinar

15 ein.

Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103	3 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.

Húsasmíðabraut (HÚ8)

100 ein.

Húsasmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í húsasmíði er þrjú og hálf ár að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru 4 annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Meginmarkmið með námi í húsasmíði er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að sinna allri smíðavinnu í bygginga- og mannvirkjajaiðnaði hvort sem er verkstæðis- og innrétingavinna, úti- og innivinna á byggingastað eða viðgerða- og breytingavinna. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar

24 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.

Erlend tungumál	ENS 102 DAN ¹ 102 + 4 ein.	8 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein.	5 ein.

Sérgreinar**76 ein.**

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Gluggar og útihurðir	GLU 104	4 ein.
Grunnteikning	GRT 103 203	6 ein.
Húsaveiðgerðir og breytingar	HÚB 102	2 ein.
Inniklæðningar	INK 102	2 ein.
Innréttingar	INR 106	6 ein.
Lokaverkefni í húsasmíði	LHÚ 104	4 ein.
Steinsteypuvirki - húsasmíði	SVH 102	2 ein.
Teikningar og verklýsingar í húsasmíði	TEH 103 203 303	9 ein.
Timburhús	TIH 10A	10 ein.
Trésmíði	TRÉ 109	9 ein.
Tréstigar	TRS 102	2 ein.
Tölvustýrðar trésmíðavélar	TST 101	1 ein.
Útveggjaklæðningar – húsasmíði	ÚVH 102	2 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.
Véltrésmíði	VTS 103	3 ein.

¹ Norska/sænska.**Húsgagnasmíðabraut (HS8)****100 ein.**

Húsgagnasmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í húsgagnasmíði er þrjú og hálf ár að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru 4 annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Markmið námsins er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að takast á við viðfangsefni iðngreinarinnar, þ.e. að smíða, endurnýja og gera við húsgögn, innréttingar, hurðir, glugga, tréstiga m.m. og sinna fjölbreyttri sérsníði úr gegnheilu tré og plötuefni. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inn-göngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar**24 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Erlend tungumál	ENS 102 DAN 102 ¹ + 4 ein.	8 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein.	5 ein.

Sérgreinar**76 ein.**

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Gluggar og útihurðir	GLU 104	4 ein.
Grunnteikning	GRT 103 203	6 ein.
Húsgagnaveiðgerðir	HGV 102	2 ein.

Inniklæðningar	INK 102	2 ein.
Innréttingar	INR 106	6 ein.
Lita- og formfræði	LIF 102	2 ein.
Lokaverkefni í húsgagnasmíði	LHG 106	6 ein.
Plötu- og grindarhúsgögn	PLG 106	6 ein.
Sethúsgögn	SET 104	4 ein.
Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði	TEH ² 103 THG 203 303	9 ein.
Trésmíði	TRÉ 109	9 ein.
Tréstigar	TRS 102	2 ein.
Tölvustýrðar trésmíðavélar	TST 101	1 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.
Véltrésmíði	VTS 113	3 ein.

¹ Norska/sænska.² Afanginn TEH er sameiginlegur húsasmíði og húsgagnasmíði og er undanfari THG 203.**Málarabraut (MÁ9)****80 ein.**

Málaraiðn er löggilt iðngrein. Meðalnamstími í málaraiðn er þrjú og hálf ári að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru 3 annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Meginmarkmið með námi í málaraiðn er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að takast á við alla algenga verkþætti iðngreinarinnar, frá mati á ástandi flatar og þar til æskilegri lokaáferð er náð. Einnig að útfæra ýmsa sérhæfða verkþætti eins og sandspörtun bygginga, skrautmálun ýmiss konar, skiltagerð og ýmsar útfærslur á eldra handverki s.s. málun marmara- og víðarlíkinga. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar**23 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Erlend tungumál	ENS 102 DAN ¹ 102 + 4 ein.	8 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.

Sérgreinar**57 ein.**

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Eldri málningaraðferðir	ELM 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103 203	6 ein.
Innimálun	INM 106 202 302	10 ein.
Lita- og formfræði	LIF 102 202 302	6 ein.
Lokaverkefni í málaraiðn	LMÁ 102	2 ein.
Skreytimálun og skiltagerð	SKS 103 203	6 ein.
Teikning og skrift	TES 102 202 302	6 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.
Útimálun	ÚTM 102 202	4 ein.

¹ Norska/sænska.

Múriðnabraut (MR8)**100 ein.**

Múraraiðn er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í múraraiðn er þrjú og hálf ár að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru 4 annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Markmið námsins er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að takast á við þau viðfangsefni sem tilheyra greininni, m.a. grunngröft og sprengingar, hvers konar steypuvinnu, hleðslu bygginga og mannvirkja, múrhúðun, lagningar í gólf og gólfa-slípun, lagningar og festingar flísa og náttúrusteins, járnalagnir og einangrun undir múrvinnu. Ennfremur steinhleðslu og steinlögn inni og úti ásamt múr-, steypu- og flísaviðgerðum og múrkerfum inni og úti. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar**24 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Erlend tungumál	ENS 102 DAN ¹ 102 + 4 ein.	8 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein.	5 ein.

Sérgreinar**76 ein.**

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Flísa- og steinlagnir	FLS 103 203	6 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Gólfalögn og terrassalögn	GTL 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103 203	6 ein.
Hleðsla og múrhúðun inni	HLM 106	6 ein.
Hleðsla og opin eldstæði	HLO 102	2 ein.
Járnbending steinsteypu	JBS 106	6 ein.
Lokaverkefni í múraraiðn	LMÚ 108	8 ein.
Múr- og steypuviðgerðir	MSV 104	4 ein.
Múrhúðun og múrkerfi utanhúss	MMU 106	6 ein.
Steinsteypuvirki - múraraiðn	SVM 102	2 ein.
Teikningar og verklýsingar í múraraiðn	TMÚ 103 203 303	9 ein.
Útveggjaklæðningar - múraraiðn	ÚTM 104	4 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.

¹ Norska/sænska.**Pípulagnabraut (PL9)****79 ein.**

Pípulagnir er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í pípulögnum er þrjú og hálf ár að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru 3 annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Meginmarkmiðið með námi í pípulögnum er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að leggja hita-, neysl vatns- og frárennsliskerfi og ýmis sérhæfð kerfi í byggingar og mannvirki, veitukerfi fyrir vatns- og hitaveitur og frárennslislagnir utanhúss, ásamt uppsetningu tækja og búnaðar sem tengist og stýrir þessum kerfum. Jafnframt að sjá um viðhald og endurnýjun þessara kerfa. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar**23 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Erlend tungumál	ENS 102 DAN ¹ 102 + 4 ein.	8 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.

Sérgreinar**56 ein.**

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Endurlagnir og viðgerðir	ENV 102	2 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Frárennsliskerfi	FRK 105	5 ein.
Grunnteikning	GRT 103	3 ein.
Hitakerfi	HIK 104	4 ein.
Hreinlætistæki	HRT 102	2 ein.
Lokaverkefni í pípulögnum	LPL 104	4 ein.
Málm- og plastsuða	MÁP 103	3 ein.
Neysluvatnskerfi	NEK 104	4 ein.
Sérhæfð lagnakerfi	SÉL 102 202	4 ein.
Stýringar og tæknibúnaður	STT 102 202	4 ein.
Teikningar og verklýsingar í pípulögnum	TPL 103 202 302	7 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.

¹ Norska/sænska.**Veggfóðrunar- og dúklagningabraut (VD9)****56 ein.**

Veggfóðrun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í veggfóðrun er þrjú og hálf ár að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þar af eru 2 annir í skóla og 120 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Meginmarkmið með námi í veggfóðrun og dúkalögn er að nemendur öðlist skilning, þekkingu og færni til að undirbúa gólf, vegg, loft, töflur, hurðir, borð og aðra fleti inni og úti fyrir lagningu dúka, platna, teppa, striga m.m., leggja þessi efni, ganga frá listum og prófílum og gera við ef þörf krefur. Náminu lýkur með sveinsprófi er veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar**12 ein.**

Íslenska	ÍSL 102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ 2 ein.	2 ein.
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.
Erlend tungumál	2 ein.	2 ein.
Íþróttir	ÍÞR 3 ein.	3 ein.

Sérgreinar**44 ein.**

Áætlanir og gæðastjórnun	ÁGS 102	2 ein.
Dúka- og plötulögn	DÚP 106	6 ein.
Efnisfræði grunnnáms	EFG 103	3 ein.
Framkvæmdir og vinnuvernd	FRV 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103	3 ein.

Lita- og formfræði	LIF 112	2 ein.
Lokaverkefni	LDV 103	3 ein.
Sérhæfð dúkalögn	SHD 102	2 ein.
Skrautlagnir	SKL 102	2 ein.
Teppalögn	TEL 102	2 ein.
Vegg- og loftalagnir	VEL 104	4 ein.
Verktækni grunnnáms	VTG 106	6 ein.
Viðhald dúka og veggfóðurs	VDV 103	3 ein.
Votrými	VOR 103	3 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 20. júní 2003.***Tómas Ingi Olrich.**

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Fellahvarf (F-reitur). Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. maí 2003 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Fellahvarf (á sk. F-reit) í Vatnsenda. Í tillögunni felst m.a. að gatnakerfi er breytt og einfaldað, hluta fyrirhugaðra bygginga við Fellahvarf 2-36 þ.e. neðan götu, er snúið til samræmis við hús ofan götu, leiksvæðum er fjölgað og fjölda íbúða á reitnum er breytt úr 52 í 54. Uppdráttur er í mkv. 1:500 og 1:1000 dags. 30. október 2002 ásamt greinargerð og skýringarmyndum.

Ofangreind tillaga var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 21. mars til 2. maí 2003 með athugasemdafresti til 16. maí 2003. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 19. júní 2003.***Birgir H. Sigurðsson**, skipulagsstjóri Kópavogs.

REGLUGERÐ

um úrvinnslugjald.

I. KAFLI

Gjaldskyldar vörur.

1. gr.

Gjaldskyldar vörur.

Greiða skal í ríkissjóð úrvinnslugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru innanlands.

Úrvinnslugjald skal leggja á vörflokka, á nýjar og notaðar vörur, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald að undanskildu tollskrárnúmeri 2710.1920. Við flokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987.

Greiða skal úrvinnslugjald af ökutækjum eins og nánar er mælt fyrir um í IV. kafla reglugerðar þessarar.

Skattstjórar og innlendir framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun framleiðsluvöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollfyrivalda um tollflokkun er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfirvöld.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn úrvinnslugjalds skal miðast við stykkjatölu eða þyngd í kílógrömmum hinnar gjaldskyldu vöru ásamt smásöluumbúðum. Ef gjaldskyld vara er hluti af annarri vöru miðast gjaldstofn við heildarþyngd gjaldskyldu vörunnar. Ef um er að ræða umbúðir með gjaldskyldri vöru, sem eingöngu eru notaðar til flutnings hennar og ekki eru smásöluumbúðir, skal þyngd þeirra ekki reiknuð með við ákvörðun gjaldstofns.

II. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar og skráning.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð þessari hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, til endursölu.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, innanlands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verk-taka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

4. gr.

Tilkynningarskylda og skráning.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn

eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili. Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, skv. 4. mgr. 6. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

III. KAFLI

Álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, greiðslufrestur, skýrslur, álag og dráttarvextir.

5. gr.

Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendra framléiðslu sem tollstjórar innheimta.

Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

6. gr.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendra framléiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framléiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framléiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framléiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við sölu hinnar endanlegu vöru.

Innlendur framléiðandi, samkvæmt reglugerð þessari, telst ekki sá aðili er tappar drykkjarvöru á gjaldskyldar samsettar pappaumbúðir, sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af við innflutning. Ber honum því ekki að skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu skv. 7. gr., enda hafi úrvinnslugjald vegna vörunnar verið að fullu greitt við innflutning hinna gjaldskyldu pappaumbúða. Þá telst jafnframt innlendur framléiðandi ekki sá aðili er við sólningu hjólbarda notar einvörðungu gjaldskyld hráefni og ber honum því ekki að skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu skv. 7. gr.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

7. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður

vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

IV. KAFLI

Úrvinnslugjald á ökutæki.

8. gr.

Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 520 kr. fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kæruehimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru jafnframt gjaldskyldar.

Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að full 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi.

9. gr.

Skil á ökutæki til úrvinnslu.

Skráður eigandi eða sá sem hefur skriflegt umboð hans skal skila ökutæki til úrvinnslu til söfnunar- eða móttökustöðvar sem hefur heimild til að taka á móti ökutækjum til úrvinnslu samkvæmt starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Við skil á ökutæki til úrvinnslu skal verksmiðjunúmer ökutækis vera auðþekkjanlegt og skal a.m.k. vera til staðar yfirbygging og grind ökutækisins.

10. gr.

Skilavottorð.

Við skil á ökutæki til úrvinnslu skal hlutaðeigandi söfnunar- eða móttökustöð gefa út skilavottorð á eyðublaði er Úrvinnslusjóður leggur til og afhenda þeim sem skilar ökutækinu. Í skilavottorði skal koma fram að tekið hafi verið á móti ökutæki til úrvinnslu og að heimilt sé að afskrá ökutækið til úrvinnslu. Þegar skilavottorð hefur verið gefið út er söfnunar- og móttökustöð heimilt að ráðstafa viðkomandi ökutæki til úrvinnslu. Hvíli veð á ökutækkinu við skil þess ber Úrvinnslusjóður eða viðkomandi söfnunar- eða móttökustöð ekki ábyrgð á þeirri kröfu sem að baki því stendur.

11. gr.

Afskráning og greiðsla skilagjalds.

Sé óskað eftir greiðslu skilagjalds skal skráður eigandi eða sá sem hefur skriflegt umboð hans skrifa undir beiðni um afskráningu ökutækis hjá viðkomandi skoðunarstofu eða Umferðarstofu, ásamt því að leggja fram skilavottorð. Að öðru leyti fer um afskráningu samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja.

Sé afskráningarbeiðni samþykkt með athugasemdinni „Til úrvinnslu“ skal viðkomandi skoðunarstofa eða Umferðarstofa greiða skráðum eiganda skilagjald eða leggja það inn á reikning hans. Einnig er hægt að senda afskráningarbeiðni ásamt skilavottorði til Umferðarstofu og fá skilagjald greitt hjá viðkomandi tollstjóra/sýslumanni.

Skráður eigandi fær greitt skilagjald, 10.000 kr. af bifreið sinni hafi hún verið nýskráð hér á landi eftir 1. janúar 1988, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af ökutækinu og ökutækið tekið af skrá eftir 1. janúar 2003. Í þeim tilvikum sem skráður eigandi á vangreidd opinber gjöld vegna úrvinnslugjalds, bifreiðagjalds og/eda þungaskatts skulu þau dragast frá við greiðslu skilgjalds.

V. KAFLI

Starfsemi Úrvinnslusjóðs.

12. gr.

Skilun úrgangs.

Sveitarstjórn skal leggja til og sjá um að rekin sé móttökustöð fyrir förgun úrgangs og söfnunarstöð. Framleiðendum úrgangs eða þeim sem hafa úrgang í vörslu sinni ber að skila úrgangi sem fellur til vegna gjaldskyldrar vöru til söfnunarstöðva. Þó skulu fyrirtæki skila úrgangi til móttökustöðva ef þær eru starfandi á viðkomandi svæði.

13. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Innheimtumaður ríkissjóðs lætur Úrvinnslusjóði í té fyrir hvert uppgjörstímabil upplýsingar um álagt gjald, frádrátt vegna innlendar framleiðslu, gjaldstofn úrvinnslugjalds og gjaldskyldar vörur sem fluttar eru úr landi samkvæmt tollskránum.

14. gr.

Endurgreiðslur Úrvinnslusjóðs.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið. Réttur til endurgreiðslu stofnast á því tímabili sem varan er flutt út.

Sé úrgangur gjaldskyldrar vöru sannanlega fluttur úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi skal í samræmi við samning, milli Úrvinnslusjóðs og framleiðanda úrgangs eða þess sem hefur úrgang í vörslu sinni, endurgreiða útflytjanda hluta úrvinnslugjaldsins enda liggja fyrir samningur við viðurkenndan endurnýtingar- eða förgunaraðila um móttöku úrgangsins. Endurgreiðslan skal fara fram þegar fyrir liggur staðfesting um endurnýtingu eða förgun úrgangs.

Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila enda liggja fyrir samningur við viðurkenndan endurnýtingar- eða förgunaraðila um móttöku úrgangsins. Endurgreiðslan skal fara fram þegar fyrir liggur staðfesting um endurnýtingu eða förgun úrgangs.

15. gr.

Framkvæmd verkþátta.

Úrvinnslusjóður skal að jafnaði bjóða út einstaka verkþætti til allt að fimm ára í senn. Takist útboð ekki eða ef ekki er grundvöllur til útboðs skal Úrvinnslusjóður gera verksamninga við aðila um úrvinnslu úrgangs. Í útboðum og verksamningum, skal kveða á um framvísun vottorða frá móttökustöð sem hefur gilt starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Úrvinnslusjóður skal standa undir hluta af rekstrarkostnaði varðandi meðferð flokkaðs úrgangs í söfnunarstöð, sem til er kominn vegna vara sem greitt hefur verið af úrvinnslugjald, samkvæmt reglum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá ber Úrvinnslusjóði að greiða fyrir flutning þessa úrgangs til móttöku- eða endurnýtingarstöðvar samkvæmt nánari reglum Úrvinnslusjóðs að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

VI. KAFLI

Bókhald o.fl.

16. gr.

Tekjur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt reglugerð þessari skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

17. gr.

Úrvinnslugjald sem stofn til virðisaukaskatts.

Úrvinnslugjald myndar stofn til virðisaukaskatts.

18. gr.

Bókhald.

Gjaldskyldir aðilar, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um úrvinnslugjald.

Í bókhaldi gjaldskyldra aðila skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sérstaka reikninga fyrir innkaup og sölu gjaldskyldrar vöru. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé á grundvelli þeirra hægt að reikna með beinum hætti fjárhæðir úrvinnslugjalds. Þeir sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda sölu gjaldskyldra vara greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu. Loks skal aðgreina sölu og innkaup gjaldsskyldrar starfsemi eftir gjaldtegund og gjaldflokkum.

19. gr.

Útgáfa sölureikninga.

Gjaldskyldur aðili skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sölu og aðra afhendingu á sölu-reikning þannig að magn, tegund og heildarverð vöru ásamt fjárhæð úrvinnslugjalds komi fram.

Seljendum vöru, sem ekki er úrvinnslugjaldsskyld, er óheimilt að tilgreina úrvinnslugjald á sölureikningi. Geri þeir það skulu þeir skila gjaldinu í Úrvinnslusjóð, nema leiðréttingu verði komið við gagnvart kaupanda vörunnar. Sama gildir um gjaldskylda aðila sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. sem tilgreina á reikningum sínum of hátt úrvinnslugjald eða úrvinnslugjald af viðskiptum sem ekki eru gjaldskyld. Til sönnunar á leiðréttingu skal gefa út kredit-reikning til kaupanda.

VII. KAFLI

Kærur, málsmeðferð o.fl.

20. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

Heimilt er að kæra álagningu úrvinnslugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir. Tollstjóri, skattstjóri eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

21. gr.

Lög um vörugjald.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í reglugerð þessari skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjalddöku samkvæmt reglugerðinni.

22. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. og 21. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið og öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 227/2003, um úrvinnslugjald.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi ökutæki verið afskráð á tímabilinu 1. janúar 2003 til 30. júní 2003 og óski skráður eigandi ökutækis eftir því að fá greitt skilagjald þarf hann að afla skilavottorðs frá söfnunar- eða móttökustöð og láta breyta ástæðu afskráningar hjá Umferðarstofu.

Umhverfisráðuneytinu, 30. júní 2003.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 472/2002 frá 12. mars 2002 um breytingu á reglugerð nr. 466/2001 um hámarksgildi tiltekinna mengunarefna í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2002 frá 16. desember 2002 sem birt var í EES viðbæti nr. 9, 13. febrúar 2003.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 563/2002 frá 2. apríl 2002 um breytingu á reglugerð nr. 466/2001 um hámarksgildi tiltekinna mengunarefna í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2002 frá 16. desember 2002 sem birt var í EES viðbæti nr. 9, 13. febrúar 2003.

Framangreindar EB-gerðir eru birtar sem fylgiskjal 1-2 við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerð þessi er birt með tilvísun til 2. mgr., sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda, með síðri breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 26. júní 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 472/2002**

frá 12. mars 2002

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarks magn tiltekinna mengunarefna í matvælum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð bandalagsins vegna mengunarefna í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 315/93 skal ákvarða hámarksviðmiðunargildi fyrir mengunarefni í matvælum í því skyni að vernda almannaheilbrigði.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 257/2002⁽³⁾, er kveðið á um hámarksviðmiðunargildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum sem gilda frá 5. apríl 2002.
- 3) Nokkur aðildarríkjanna hafa samþykkt eða áforma að samþykkja hámarksviðmiðunargildi aflatoxíns í kryddi og hámarksviðmiðunargildi okratoxíns A í tilteknum matvælum. Með hliðsjón af ósamræmi milli aðildarríkjanna og hættu á röskun á samkeppni af þeim sökum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir á vettvangi bandalagsins í því skyni að stuðla að heildstæðum markaði og halda jafnframt meðalhófsregluna í heiðri.
- 4) Aflatoxín, einkum aflatoxín B1, eru krabbameinsvaldandi erfðaeitur. Fyrir þessi efni fyrirfinnast engin mörk þar sem gera má ráð fyrir að viðkomandi efni, væru þau undir mörkunum, hafi engin skaðleg áhrif og af þeim sökum er ekki hægt að ákvarða leyfilegan hámarksdagskammt. Núverandi vísinda- og tækniþekking og framfarir, sem orðið hafa á sviði framleiðslu og geymslu, hafa ekki komið í veg fyrir vöxt þessara myglusveppa og þar af leiðandi hefur ekki reynst mögulegt að tryggja að aflatoxín finnist alls ekki í kryddi. Því ættu viðmiðunargildi að vera eins lág og mögulegt er.
- 5) Niðurstöður samræmdrar eftirlitsáætlunar, sem aðildarríkin unnu í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/77/EB frá 8. janúar 1997 varðandi samræmda áætlun um opinbert eftirlit með matvælum frá 1997⁽⁴⁾, liggja nú fyrir eftir að

ákvörðuð hafa verið hámarksviðmiðunargildi fyrir aflatoxín í öðrum matvælum. Í þeim kemur fram að í nokkrum kryddtegundum er mikið magn af aflatoxíni. Það er því við hæfi að ákvarða hámarksviðmiðunargildi þeirra kryddtegunda sem eru notaðar í miklu magni og þar sem um er að ræða tíð tilvirk mengunar.

- 6) Endurskoða skal hámarksviðmiðunargildi og ef nauðsyn krefur skulu þau lækkuð fyrir 31. desember 2003, að teknu tilliti til möguleika á að draga úr aflatoxínmengun í kryddi með því að bæta aðferðir við framleiðslu, uppskeru og geymslu og með hliðsjón af framförum á sviði vísinda- og tækniþekkingar.
- 7) Okratoxín A er sveppaeitur sem myndast í nokkrum sveppategundum (penisillín- og könnusveppategundum). Það finnst frá náttúrunnar henni í afbrigði plöntuafurða, eins og í korni, kaffibaunum, kakóbaunum og þurrkuðum ávöxtum um allan heim. Það hefur greinst í afurðum eins og korni, kaffi, víni, bjór, kryddi og þrúgusafa og einnig í matvælum úr dýraríkinu, einkum nýrum úr svinum. Rannsóknir á tíðni og magni okratoxíns A í sýnum úr matvælum og mannsblóði gefa til kynna að matvæli eru oft menguð.
- 8) Okratoxín A er sveppaeitur með eiginleika sem valda krabbameini, nýrnaeitrun, vansköpun, ónæmseiteitrun og hugsanlega taugaeitrun. Það hefur verið tengt við nýrakvilla í mönnum. Helmingunartími okratoxíns A getur verið langur í mönnum.
- 9) Vísindanefnd um matvæli taldi í álitinu sínu um okratoxín A frá 17. september 1998 að skynsamlegt væri að draga, eins mikið og unnt væri, úr váhrifum okratoxíns A og tryggja að váhrifin væru nálægt neðra markabili leyfilegs hámarksdagskammts frá 1,2-14 ng/kg líkamspýngdar á dag sem aðrir aðilar hafa áætlað, t.d. undir 5 ng/kg líkamspýngdar á dag.
- 10) Þrátt fyrir núverandi vísinda- og tækniþekkingu og umbætur, sem hafa orðið á sviði framleiðslu og geymslu, hefur ekki reynst mögulegt að koma algjörlega í veg fyrir vöxt þessara myglusveppa. Af þeim sökum er ekki hægt að eyða okratoxíni A algjörlega úr matvælum. Því ættu viðmiðunarmörk að vera eins lág og mögulegt er.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.⁽²⁾ Stjótið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.⁽³⁾ Stjótið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 12.⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 22, 24.1.1997, bls. 27.

- 11) Okratoxín A berst aðallega með fæðu í gegnum korn og kornafurðir. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru afar mikilvægar til að koma í veg fyrir mengun, eftir því sem unnt er, og vernda neytendur. Þar að auki er viðeigandi að ákvarða sanngjörn hámarksviðmiðunargildi fyrir korn og kornafurðir með því skilyrði að beitt sé fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir mengun á öllum stigum framleiðslunnar og markaðssetningarferlisins.
- 12) Mikil mengun hefur greinst í þurrkuðum vinaldinum (rifsberjum og sólberjum, rúsinum og kúrennum). Í þurrkuðum vinaldinum er þýðingarmikið magn af okratoxíni A fyrir fólk sem neytir þeirra í miklu magni, einkum börn. Það er því viðeigandi að ákvarða fyrst um sinn viðmiðunargildi sem eru tæknilega raunhæf en brýn ástæða er til að bæta aðferðir til að draga úr mengun.
- 13) Okratoxín A hefur greinst í kaffi, víni, bjór, þrúgu-safa, kakó og kryddi. Aðildarríkin og hagsmunaaðilar (eins og fagfélög) skulu stunda rannsóknir til að ákvarða hina mismunandi þætti sem stuðla að myndun okratoxíns A og til að ákvarða fyrirbyggjandi aðgerðir sem gripa skal til í því skyni að draga úr tilvist okratoxíns A í þessum matvælum. Að því er þessar afurðir varðar skal leggja áherslu á rannsóknir og fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga eins mikið og unnt er úr magni okratoxíns A uns hámarksviðmiðunargildi hefur verið ákvarðað á grundvelli þeirrar meginreglu að það sé „eins lágt og mögulegt er“. Ef ekki er gripið til neinna aðgerða til að draga úr magni okratoxíns A í tilteknum afurðum er nauðsynlegt að ákvarða hámarksviðmiðunargildi fyrir þessar afurðir til að vernda almannaheilbrigði án þess að hægt sé að leggja mat á tæknilega hagkvæmni.
- 14) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um ferli matvæla og dýraheilbrigði.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2002.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað inngangssetningarinnar:

„Að því er varðar aflatoxín og okratoxín A í afurðunum sem um getur í lið 2.1 og 2.2 í I. viðauka er lagt bann við því.“

b) í b-lið komi „2.1.3, 2.1.4, 2.2.1 og 2.2.2“ í stað „og 2.1.3“.

2. Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 5. gr.:

„2a. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hámarksviðmiðunargildi fyrir aflatoxín, sem kveðið er á um í lið 2.1.4 í 2. þætti í I. viðauka, eigi síðar en 31. desember 2003 og, ef við á, lækka þau með hliðsjón af framförum á sviði vísinda- og tæknipækkingar.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæðin í liðum 2.2.2 og 2.2.3 í 2. þætti í I. viðauka eigi síðar en 31. desember 2001 að því er varðar hámarksviðmiðunargildi fyrir okratoxín A í þurrkuðum vinaldinum og í því skyni að ákvarða hámarksviðmiðunargildi fyrir okratoxín A í grænu og brenndu kaffi og kaffiafurðum, víni, bjór, þrúgu-safa, kakó og kakóafurðum og kryddi, að teknu tilliti til rannsókna, sem gerðar eru, og fyrirbyggjandi aðgerða sem gripið er til í því skyni að draga úr magni okratoxíns A í þessum afurðum.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin og hagsmunaaðilar tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um niðurstöður rannsókna, sem gerðar eru, og um framfarir í kjölfar þess að gripið hefur verið til fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir mengun okratoxíns A.“

3. Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 5. apríl 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi bætist við í 2. þætti (sveppaeitur) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001:

„Afurð	Hámarksviðmiðunargildi (g/kg)			Sýnatökuaðferð	Nothæfis- viðmiðanir við greiningaraðferðir
	B ₁	B ₁ + B ₂ + G ₁ + G ₂	M ₁		
„2.1.4. „Eftirfarandi kryddtegundir: — <i>Capsicum</i> spp. (þurrkaðir ávextir þess, heilir eða malaðir, þ.m.t. eldpaprika (chilli), eldpaprikuduft, kajenpipar og paprika) — <i>Piper</i> spp. (ávextir þess, þ.m.t. hvítur og svartur pipar) — <i>Myristica fragrans</i> (múskat) — <i>Zingiber officinale</i> (engifer) — <i>Curcuma longa</i> (túrmerik)	5	10	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB**

„Afurð	Hámarksvið- miðunargildi (g/kg eða ppb)	Sýnatökuaðferð	Tilvísunargreiningar- aðferð
2.2. OKRATOXÍN A			
2.2.1. Korn (þ.m.t. hrísgrjón og bókhveiti) og afurðir, unnar úr korni			
2.2.1.1. Óunnið korn (þ.m.t. óunnin hrísgrjón og bókhveiti)	5	Tilskipun framkvæmda- stjórnarinnar 2002/27/EB (*)	Tilskipun 2002/27/EB
2.2.1.2. Allar afurðir, unnar úr korni (þ.m.t. unnar kornafurðir og korn sem er ætlað beint til manneldis)	3	Tilskipun 2002/27/EB	Tilskipun 2002/27/EB
2.2.2. Þurrkuð vínaldirin (rifsber og sólber, rúsinur og kúrennur)	10	Tilskipun 2002/27/EB	Tilskipun 2002/27/EB
2.2.3. Grænt og brennt kaffi og kaffiafurðir, vín, bjór, þrúgusafi, kakó og kakóafurðir og krydd	—		

(*) Stjtið. EB L 75, 16.3.2002, bls. 44.“

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 563/2002**

frá 2. apríl 2002

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælumFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 315/93 skal ákvarða hámarksviðmiðunargildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum í því skyni að vernda almannaheilbrigði.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 472/2002 ⁽³⁾, gildir frá 5. apríl 2002 og kemur í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽⁴⁾, eins og henni var einkum breytt með reglugerð (EB) nr. 864/1999 ⁽⁵⁾ um hámarksmagn nitrats í salati og spinati.
- 3) Aðildarríkin skulu tilkynna nefndinni um niðurstöður eftirlits þeirra og gefa skýrslu um ráðstafanir, sem hafa verið gerðar, og framfarir að því er varðar að beita reglum um góðar starfsvenjur í landbúnaði með tilliti til þess að lækka hámarksviðmiðunargildi nitrats. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þessara upplýsinga á þriggja ára fresti og í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2002, endurskoða hámarksviðmiðunargildi fyrir nitröt í salati og spinati með það í huga að lækka framangreind gildi.
- 4) Árleg eftirlitsgögn frá aðildarríkjunum sýna að hámarksviðmiðunargildi nitrata í salati hafa lækkað. Hægt er, á grundvelli góðra framleiðsluadferða, að gera ráð fyrir því að raunhæft sé að lækka neðri mörk hámarksviðmiðunargilda fyrir tiltekna salatflokka. Á sumum svæðum er oft tilkynnt um hærrí hámarksviðmiðunargildi nitrats en þau sem tilgreind eru í viðauka reglugerðar (EB) nr. 466/2001 jafnvel þótt þróunin sé sú að hámarksviðmiðunargildi nitrats fari lækandi. Ekkert bendir til þess að hámarksviðmiðunargildi nitrats fari lækandi í spinati. Sum aðildarríki þurfa að viðhalda fastsettu aðlögunartímabili til að leyfa markaðssetningu salats og/eða

spinats á heimamarkaði sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra. Að því er varðar salat skal þetta aðlögunartímabili vera háð tímamörkum en að því er varðar spinat er ekki hægt að vita fyrir hver lokadagsetningin verður.

- 5) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um ferli matvæla og dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkjunum er heimilt, þegar ástæður leyfa, að heimila á tilteknu aðlögunartímabili markaðssetningu fersks salats og fersks spinats sem er ræktað og ætlað til neyslu á yfirráðasvæði þeirra og innihalda nitrát í ríkara mæli en mælt er fyrir um í liðum 1.1, 1.3 og 1.4 í viðaukanum, að því tilskildu að góðar starfsvenjur í landbúnaði séu hafðar í heiðri í því skyni að ná í áföngum þeim mörkum sem mælt er fyrir um á vettvangi bandalagsins.

Aðlögunartímabilið:

- a) endar 1. janúar 2005 að því er varðar salat;
- b) skal endurskoðað eigi síðar en 1. janúar 2005 að því er varðar spinat.

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni á hverju ári hvaða aðgerða gripíð hefur verið til vegna framkvæmdar á ákvæðum fyrsta undirliðar.“

2. Ákvæðum 1. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.⁽²⁾ Stjótd. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.⁽³⁾ Stjótd. EB L 75, 16.3.2002, bls. 18.⁽⁴⁾ Stjótd. EB L 31, 1.2.1997, bls. 48.⁽⁵⁾ Stjótd. EB L 108, 27.4.1999, bls. 16.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. apríl 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað 1. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 varðandi nitröt:

Afúroð	Hámarksviðmiðunargildi (mg NO ₃ /kg)	Sýnatökuaðferð	Tilvísunargreiningaraðferð
„1.1. Ferskt spínat ⁽¹⁾ (<i>Spinacia oleracea</i>)	Uppskera frá 1. nóvember til 31. mars:	3 000	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/700/EBE ⁽²⁾
	Uppskera frá 1. apríl til 31. október:	2 500	
1.2. Varið skemmdum, djúpfryst eða fryst spínat		2 000	Tilskipun 79/700/EBE
1.3. Ferskt salat (<i>Lactuca sativa L.</i>) (ræktað undir hlíf og undir berum himni), að undanskildu salati sem er skráð í lið 1.4.	Uppskera frá 1. október til 31. mars:		Tilskipun 79/700/EBE. Lágmarksfjöldi eininga á hvert rannsóknarsýni er 10
	— salat, ræktað undir hlíf	4 500 ⁽³⁾	
	— ræktað undir berum himni	4 000 ⁽³⁾	
	Uppskera frá 1. apríl til 30. september:		
— salat, ræktað undir hlíf	3 500 ⁽³⁾		
— salat, ræktað undir berum himni	2 500 ⁽³⁾		
1.4. Salat af jöklasalatsgerð ⁽⁴⁾	Salat ræktað undir hlíf	2 500 ⁽³⁾	Tilskipun 79/700/EBE. Lágmarksfjöldi eininga á hvert rannsóknarsýni er 10
	Salat ræktað undir berum himni	2 000 ⁽³⁾	

⁽¹⁾ Hámarksviðmiðunargildi fyrir ferskt spínat gilda ekki um ferskt spínat sem setja skal í vinnslu og sem er flutt í lausri vigt beint af akri í vinnslustöð.

⁽²⁾ Sjútið. EB L 207, 15.8.1979, bls. 26.

⁽³⁾ Vanti viðeigandi merkingar sem segja til um framleiðsluaðferð skulu mörkin, sem sett hafa verið fyrir salat, ræktað undir berum himni, gilda.

⁽⁴⁾ Lýst í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2001 frá 27. júlí 2001 þar sem mælt er fyrir um markaðsstaðal varðandi salat og hrokinblaða- og stórblaða (Batavian) salaffilla (Sjútið. EB L 203, 28.7.2001, bls. 9).“

AUGLÝSING

um deiliskipulagstillögu fyrir stofnanalóð við Sæunnargötu 2A í Borgarnesi.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 26. júní 2003.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

REGLUR

um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til þeirra rekstrarleyfishafa sem kvaðir hafa verið lagðar á um að veita alþjónustu. Gildir þá einu hvort kvaðirnar ná til hluta eða alls landsins.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglnanna er að tryggja að allir landsmenn hafi aðgang að afgreiðslustöðum eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglum þessum og að ákvarða fyrirkomulag afgreiðslustaða.

3. gr.

Orðskýringar.

Afgreiðslustaðir: Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.

Móttaka: Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

4. gr.

Afgreiðslustaðir.

Rekstrarleyfishafi, sem á hafa verið lagðar kvaðir um alþjónustu, skal hafa net afgreiðslustaða sem nær yfir það svæði sem alþjónustuskyldan nær til.

5. gr.

Sérákvæði um Íslandspóst hf.

Miðað skal við að núverandi fjöldi afgreiðslustaða Íslandspósts sé nægjanlegur til að veita þá þjónustu sem Íslandspósti ber að veita samkvæmt lögum.

Ef Íslandspóstur hins vegar hyggst leggja niður afgreiðslustað þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

1. Fjöldi íbúa á því svæði sem afgreiðslustaðnum er ætlað að þjóna.
2. Stærð þess svæðis sem afgreiðslustaðurinn þjónar.
3. Möguleiki íbúa á að sækja þjónustu annað.
4. Samgöngur á svæðinu.
5. Fjöldi afgreiðslna á afgreiðslustaðnum á ári.
6. Annað sem getur haft áhrif á möguleika íbúa á að sækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu.

Hyggist Íslandspóstur breyta rekstrarfyrirkomulagi afgreiðslustaðar, svo sem með því að ganga til samninga við þriðja aðila um rekstur afgreiðslu, þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skulu sömu viðmið og í 2. mgr. lögð til grundvallar eftir því sem við á.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að leita umsagnar sveitarstjórna um þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr., á þeim stöðum þar sem fyrirhugað er að leggja niður afgreiðslu eða breyta rekstrarfyrirkomulagi.

Íslandspósti ber að tilkynna lokun á afgreiðslustað til Póst- og fjarskiptastofnunar með

a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi skal tilkynna með eins mánaðar fyrirvara.

6. gr.

Fyrirkomulag afgreiðslustaða.

Afgreiðslustaðir skulu vera þannig að þeir henti vel til þeirra þjónustu sem þeim er ætlað að sinna lögum samkvæmt.

7. gr.

Auðkenni.

Afgreiðslustaður skal vera greinilega auðkenndur með merki rekstrarleyfishafans. Þá skulu starfsmenn pósthjónustu vera auðkenndir.

8. gr.

Starfsemi með pósthjónustu.

Heimilt er að stunda aðra atvinnustarfsemi en pósthjónustu í því húsnæði þar sem afgreiðsla er rekin, enda sé um hliðstæða starfsemi að ræða hvað varðar umhverfi og aðbúnað.

Tryggt skal að á þeim stöðum þar sem önnur starfsemi er rekin með pósthjónustu hafi aðeins þeir sem sinna pósthjónustu aðgang að þeirri afgreiðslu þar sem pósthjónustu er sinnt og þeim stöðum þar sem póstur er geymdur.

9. gr.

Öryggismál á afgreiðslustöðum.

Húsnæðið skal vera þannig að óviðkomandi aðilar eigi ekki aðgang að þeim stöðum þar sem póstur er flokkaður eða geymdur. Auk þess sem það skal tengt viðeigandi öryggiskerfum, t.d. bruna- og innbrotskerfum.

Rekstrarleyfishafi skal setja verklagsreglur um geymslu og meðferð pósts á afgreiðslustöðum þar sem fylgt er viðurkenndum aðferðum hvað varðar vinnuferli og eftirlit með þeim. Verklagsreglurnar skulu kynntar fyrir viðkomandi starfsmönnum. Rekstrarleyfishafi skal setja sér mælanleg gæðamarkmið varðandi öryggi pósts á afgreiðslustöðum og skulu markmiðin send Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar.

Rekstrarleyfishafi skal árlega senda Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um uppfyllingu gæðamarkmiðanna.

10. gr.

Heimildarákvæði.

Reglur þessar, sem eru settar með heimild í 3. mgr. 15. gr. og 24. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, öðlast þegar gildi. ³

Póst- og fjarskiptastofnun, 27. júní 2003.

Hrafnkell V. Gíslason.

Friðrik Pétursson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Skorradalshreppi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar, áfangi 5 í landi Vatnsenda.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. apríl 2003 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að lóð nr. 129 stækkar um 7,5 m til vesturs inn á lóð nr. 127.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Bleikulágarás í landi Indriðastaða.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 12. mars 2003 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Bleikulágarás í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að vegkaflinn frá Húsalæk og suður fyrir Bleikulágarás fær-ist til vesturs og nær Húsalæk. Við breytinguna fær-ist vegurinn fjær núverandi frístunda- byggð en fyrirhugað er að tengja nýtt frístundasvæði við veginn.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Grund, 27. júní 2003.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

AUGLÝSING

um deiliskipulag spildu úr landi Hraðastaða í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 18. júní 2003 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi spildu úr landi Hraðastaða í Mosfellsdal í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Skipulagstillagan nær til lands í landi Hraðastaða frá Þingvallavegi að sunnanverðu og vestan Helgadalsvegar. Alls er spildan 5,2 ha. Samkvæmt tillögunni, er gert ráð fyrir bygg- ingarreit fyrir íbúðarhúsi, bílgeymslu og hesthúsi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 30. júní 2003.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Breyting á deiliskipulagi við Brekku.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Brekku í Bessastaðahreppi. Breytingin nær til lóðanna Ásbrekku 7 og 9. Byggingarreit á lóðunum er breytt með nýrri húsagerð G og gert ráð fyrir breytingu á ákvæði varðandi aðalhönnuði húsa við götuna.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi lóðarinnar Vesturtún 29-A.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vesturtún 29-A í Bessastaðahreppi. Með breytingunni stækkar lóðin sem nemur 2.5 metra í átt að Vesturtúni 27-B.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 5. júlí 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 15. gr.

Í stað 3. másl. kemur nýr másl. svohljóðandi: Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hvenær númeraflutningur skv. 5. gr. kemur til framkvæmda.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 33. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999, og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 30. júní 2003.

Hrafnkell V. Gíslason.

Friðrik Pétursson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir íbúðarhús og frístundahús í landi Tungulækjar, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum. Skipulagsstofnun hefur gert athugasemd um að auglýsing hafi ekki verið auglýst með áberandi hætti.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 26. júní 2003.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 668/2002, um togbrautarbúnað til fólksflutninga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „2. mgr.“ í 2. mgr. kemur: 1. mgr. þessa ákvæðis eða 17. gr.
- b. 3. mgr. verður svohljóðandi: Félagsmálaráðuneytið skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um aðgerðir sem grípa þarf til skv. 1. mgr. þessa ákvæðis eða 17. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2003.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um framkvæmd raforkulaga.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. *Dreifikerfi*: Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug. Enn fremur mælar og mælabúnaður hjá notendum.
2. *Dreifiveita*: Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
3. *Dreifiveitusvæði*: Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.
4. *Endurnýjanlegar orkulindir*: Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.
5. *Ekki afhent orka*: Áætlað magn raforku sem ekki var unnt að afhenda notanda eða dreifiveitu vegna bilunar í raforkukerfinu, viðhaldsvinnu eða breytinga á því.
6. *Flutningsfyrirtæki*: Flutningssvið Landsvirkjunar á gildistíma bráðabirgðaákvæði VIII með raforkulögum.
7. *Flutningskerfi*: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 66, 132 og 220 kV spennu og tilheyra Landsvirkjun við gildistöku reglugerðarinnar, enn fremur viðbætur Landsvirkjunar eftir þann tíma á 132 kV spennu og hærri til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Hið sama gildir um línur annarra á þessari spennu sem þeir semja við flutningsfyrirtækið um að tilheyri flutningskerfinu.
8. *Flutningsvirki*: Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
9. *Gjaldskrársvæði*: Svæði þar sem samræmd gjaldskrá gildir fyrir dreifingu.
10. *Notandi*: Sá sem kaupir raforku til eigin nota.
11. *Orkulind*: Náttúruleg uppspretta orku á ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhita-geymir, sjávarföll, vindur, sólarljós, en einnig olíu- og gaslindir og kolanámur.
12. *Raflína*: Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfisins.
13. *Raforkukerfi*: Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
14. *Raforkuver/virkjun*: Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.
15. *Raforkuviðskipti/viðskipti*: Kaup og sala raforku.
16. *Söluvirkjartæki*: Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
17. *Vinnsla/raforkuvinnsla*: Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku í raforku.
18. *Vinnslufyrirtæki*: Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.
19. *Virkjunarleyfi*: Leyfi sem veitt er samkvæmt lögum þessum til að reisa og reka raforkuver.

II. KAFLI Raforkuvinnsla.

3. gr.

Virkjunarleyfi.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi. Tilkynningin skal vera á því formi og með því efni sem Orkustofnun ákveður.

Virkjunarleyfi fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra.

Virkjunarleyfi má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á eignarlandi á grundvelli leyfis þarf að hafa náðst samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða ákvörðun um eignarnám að liggja fyrir. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjald né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Um skyldur landeigenda, eignarnám og bætur fer samkvæmt VI. kafla raforkulaga. Ákvæði þetta gildir einnig um nýtingu auðlinda í þjóðlendum eftir því sem við á. Um framkvæmdir á landssvæðum í ríkiseign fer samkvæmt 38. gr. raforkulaga.

4. gr.

Umsókn um virkjunarleyfi.

Umsókn um virkjunarleyfi skal vera skrifleg og skulu fylgja henni eftirfarandi upplýsingar og gögn:

1. Nafn umsækjanda, kennitala hans, heimilisfang og upplýsingar um rekstrarform.
2. Niðurstöður rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti.
3. Lýsing á virkjuninni, þ.m.t. kort og uppdrættir sem sýna legu og tilhögun mannvirkja, helstu tölulegar upplýsingar um virkjunina og afmörkun virkjunarsvæðis.
4. Framkvæmdaáætlun, þ.m.t. um hvenær ætlunin er að hefja framkvæmdir, hvenær þeim á að vera lokið og hvenær rekstur virkunar á að hefjast.
5. Fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanna.
6. Samningur um tengingu við flutningskerfið eða dreifikerfi á viðkomandi svæði.
7. Upplýsingar um hvort fyrir liggja samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald fyrir nýtingu viðkomandi auðlindar.
8. Upplýsingar um helstu umhverfisþætti virkunar og áhrif hennar á viðkomandi orkulind, þ.m.t. nýtingu sem fyrir er á svæðinu, eftir því sem við á. Upplýsa skal um hvort um matsskylda framkvæmd er að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ef svo er skal skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fylgja umsókninni svo og úrskurður umhverfisyfirvalda um mat á umhverfisáhrifum. Þá skal eftir því sem við á gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum og öðrum ráðstöfunum sem ætlunin er að framkvæma vegna umhverfisáhrifa sem virkjunin hefur samkvæmt framlögðum gögnum.
9. Upplýsingar um þau leyfi sem umsækjandi telur sig þurfa að afla frá öðrum stjórnvöldum og hvort framkvæmdin samræmist gildandi skipulagi þar sem ætlunin er að reisa virkjunina.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila.

Aðeins má veita virkjunarleyfi til nýtingar endurnýjanlegra orkulinda. Ráðherra getur

þó heimilað að reistar séu varaafstöðvar, toppafstöðvar og aflstöðvar fyrir einangruð raforkuferfi sem nýta aðra orkugjafa.

Áður en virkjunarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samningur um tengingu við flutningskerfið nema um sé að ræða beina línu, sbr. 2. mgr. 11. gr. raforkulaga eða undanþága hafi verið veitt fyrir tengingu við flutningskerfið á grundvelli 3. mgr. 5. gr. raforkulaga. Virkjun sem tengist dreifikerfi þarf að hafa samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald fyrir reiðuafli og um tengigjald.

Ef framkvæmd fellur undir viðauka 1 með lögum um mat á umhverfisáhrifum skal fullnaðarúrskurður á stjórnslustigi um mat á umhverfisáhrifum liggja fyrir áður en virkjunarleyfi er veitt. Ef framkvæmd fellur undir 2. viðauka sömu laga skal ákvörðun um matsskyldu liggja fyrir áður en leyfi er veitt og eftir atvikum fullnaðarúrskurður á stjórnslustigi um mat á umhverfisáhrifum.

Ráðherra skal við leyfisveitinguna taka tillit til mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og fullnaðarúrskurðar stjórnvalda þar um. Ráðherra skal eftir því sem við á mæla fyrir um mótvægisáðgerðir og önnur skilyrði til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfi og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda og að varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda. Slíkar áðgerðir eða skilyrði skulu vera í eðlilegum tengslum við framkvæmdina og geta m.a. lotið að hönnun og búnaði viðkomandi mannvirkja, staðarmörkum, nýtingarmagni, vöktun, mælingum, rannsóknnum, upplýsingaskilum, framkvæmdum sem miða að því að varðveita náttúrugæði og frágangi á starfsstöðvum og landi á starfstíma og að honum loknum.

Leyfi skal bundið þeim skilyrðum sem nauðsynlegt er til að tekið verði tillit til nýtingar sem fyrir er á viðkomandi svæði.

Framkvæmdir á grundvelli virkjunarleyfis skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði.

Áður en framkvæmdir hefjast á grundvelli leyfis skal leyfishafi sýna fram á að hann geti aflað nægilegs fjármagns til að reisa virkjunina og nauðsynleg mannvirki og búnað henni tengdan. Fyrir sama tíma skal leyfishafi einnig leggja fram hönnunargögn vegna mannvirkja og tækjabúnaðar sem tengjast virkjuninni. Hönnunargögnin skulu unnin eða yfirfarin af sérfræðingum sem hafa þekkingu og reynslu af hönnun virkjana.

6. gr.

Skilyrði um samrekstur virkjana.

Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á viðkomandi vatnasviði. Ef ekki nást samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur á stjórnslustigi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum þeim sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Ráðherra er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

7. gr.

Efni virkjunarleyfis.

Eftirfarandi atriði skulu tilgreind í virkjunarleyfi:

1. Nafn, kennitala og heimili leyfishafa.
2. Stærð virkunar og afmörkun virkjunarsvæðis.
3. Hvenær framkvæmdir skuli hefjast og hvenær þeim skuli lokið.

4. Upplýsinga- og tilkynningarskylda leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.
5. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
6. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu.
7. Ráðstöfun mannvirkja og tækja þegar notkun þeirra er hætt.
8. Hvort og að hve löngum tíma liðnum endurskoða megi virkjunarleyfi.
9. Önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum virkjunarleyfishafa samkvæmt raforkulögum og reglugerð þessari eða leiða má af öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

8. gr.

Málsmeðferð og gjaldtaka.

Virkjunarleyfi skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Áður en ráðherra veitir virkjunarleyfi skal hann leita umsagnar Orkustofnunar. Umsögn Orkustofnunar skal berast innan tveggja mánaða frá því beiðni þar að lútandi var send.

Ráðherra skal kynna umsókn um leyfi í Lögbirtingablaði. Þar skal gefa þeim aðilum sem málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Umsækjandi skal kosta birtingu slíkrar auglýsingar.

Ráðherra skal á grundvelli framlagðra gagna, umsagnar Orkustofnunar og athugasemda sem fram hafa komið samkvæmt 3. mgr. meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis. Telji hann svo ekki vera skal hann synja um veitingu leyfis eða binda leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg í þessu sambandi. Synjun um veitingu leyfis skal rökstudd. Ákvörðun ráðherra skal tekin innan tveggja mánaða frá því öll gögn hafa borist frá umsækjanda og allar umsagnir og athugasemdir liggja fyrir.

Fyrir virkjunarleyfi skal greiða 100.000 kr. auk 10.000 kr. fyrir hvert MW. Gjaldið skal greitt við móttöku leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum reglugerðar þessarar eða skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast því eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

9. gr.

Starfsemi og skyldur vinnslufyrirtækis.

Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Vinnslufyrirtæki skal í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Nánar er mælt fyrir um bókhaldslegan aðskilnað í VI. kafla reglugerðarinnar.

Skylt er vinnslufyrirtæki að hlíta ákvörðunum flutningsfyrirtækis um umfang framleiðslu svo að það geti uppfyllt skyldur sínar vegna kerfisstjórnunar og skal koma fyrir það greiðsla samkvæmt samkomulagi milli flutningsfyrirtækis og vinnslufyrirtækis.

III. KAFLI

Flutningur og kerfisstjórnun.

10. gr.

Rekstur flutningskerfisins.

Flutningsfyrirtækið skal annast flutning raforku um flutningskerfið og kerfisstjórnun flutningskerfisins. Um kerfisstjórnun fer samkvæmt reglugerð um kerfisstjórnun í raforku-kerfinu.

Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína.

Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusólum sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið geti rækt hlutverk sitt. Skal flutningsfyrirtækið gæta trúnaðar um upplýsingar sem fyrirtækið fær í hendur og varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Ber flutningsfyrirtækinu að setja sér verklagsreglur um stjórnun upplýsingaöryggis. Skal starfsmönnum flutningsfyrirtækisins gert að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu.

11. gr.

Flutningur raforku.

Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:

1. Tengja alla sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því sem nánar eru tilgreind í samningi flutningsfyrirtækisins um tengingu við flutningskerfið og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá flutningsfyrirtækisins. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd. Sá sem synjað er um tengingu getur farið fram á upplýsingar um með hvaða hætti og innan hvaða tíma gera megi breytingar á kerfinu sem leiði til þess að unnt sé að tengja hann.
2. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu í samræmi við reglugerð um kerfisstjórnun.
3. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði í samræmi við reglugerð um kerfisstjórnun.
4. Flutningsfyrirtækið skal setja sér reglur til þess að tryggja áreiðanleik í rekstri flutningskerfisins sem skulu a.m.k. kveða á um eftirfarandi atriði:
 - 4.1. Hönnun kerfisins og uppbyggingu þess.
 - 4.2. Viðhald kerfisins.
 - 4.3. Reglubundið eftirlit með ástandi kerfisins.
 - 4.4. Eftirlit með verndarbúnaði og stillingu verndarliða.
 - 4.5. Skráningu truflana ásamt mati á orku sem ekki er afhent.
 - 4.6. Eftirlit með álagi flutningskerfisins.
5. Flutningsfyrirtækið skal gera áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins til a.m.k. næstu 5 ára eða lengur ef það telur þörf á. Áætlun flutningsfyrirtækisins skal unnin í samráði við orkuspárnefnd.

12. gr.

Ný flutningsvirki.

Til að byggja ný flutningsvirki þarf flutningsfyrirtækið leyfi ráðherra. Umsókn um leyfi til að byggja flutningsvirki skal fylgja þarfagreining vegna viðkomandi virkis, hagkvæmnis-

útreikningar og greining á áhrifum þess á flutningskerfið og upprættir að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Umsókn um leyfi til að byggja flutningsvirki skal send Orkustofnun til umsagnar.

Ef framkvæmd fellur undir viðauka 1 með lögum um mat á umhverfisáhrifum skal fullnaðarúrskurður á stjórnáslustigi um mat á umhverfisáhrifum liggja fyrir áður en leyfi er veitt. Ef framkvæmd fellur undir 2. viðauka sömu laga skal ákvörðun um matsskyldu liggja fyrir áður en leyfi er veitt og eftir atvikum fullnaðarúrskurður á stjórnáslustigi um mat á umhverfisáhrifum. Skal við leyfisveitinguna tekið tillit til mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og fullnaðarúrskurðar stjórnvalda þar um. Getur ráðherra bundið leyfið þeim skilyrðum sem hann metur nauðsynleg til að svo megi verða. Framkvæmdir á grundvelli leyfis skulu vera í samræmi gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði.

Ráðherra skal á grundvelli framlagðra gagna og umsagnar Orkustofnunar meta hvort flutningsvirkið samræmist sjónarmiðum og skilyrðum 1. og 2. mgr. Telji hann svo ekki vera skal hann synja um veitingu leyfis eða binda leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg í því sambandi. Synjun um veitingu leyfis skal rökstudd.

13. gr.

Gjaldskrá vegna flutnings raforku.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna flutnings raforku sem skal birt opinberlega að fenginni staðfestingu Orkustofnunar.

Gjaldskráin skal standa undir kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við flutning raforku, þ.m.t. kostnaði vegna reiðuaflds, viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum vegna rekstrar kerfisins, fjármagnskostnaði, kostnaði við orkutap og almennum rekstrarkostnaði. Þá er flutningsfyrirtækinu heimilt að áskilja sér eðlilega arðsemi af því fjármagni sem bundið er í flutningskerfinu.

Flutningsfyrirtækið skal skilgreina gjald fyrir tengingu við flutningskerfið og gjald fyrir mötun annars vegar og úttekt hins vegar í hverjum tengipunkti flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun og úttekt í öllum tengipunktum.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur notandi sem notar 100 GWst af raforku á ári eða meira samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald vegna flutnings. Slíkir samningar verða að byggja á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum og mega ekki að mati Orkustofnunar valda hækkun á kostnaði við flutning hjá öðrum notendum. Flutningsfyrirtækið skal á ári hverju birta með opinberum hætti viðmiðunarverð til leiðbeiningar fyrir notendur. Að svo miklu leyti sem það er unnt skal viðmiðunarverðið byggja á meðalverði þeirra samninga sem gerðir hafa verið næstliðna 12 mánuði.

Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi fersendur viðskipta breyst verulega.

14. gr.

Bókhaldslegur aðskilnaður og stjórnunarlegt sjálfstæði.

Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna flutnings raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Nánar er mælt fyrir um bókhaldslegan aðskilnað í VI. kafla reglugerðarinnar.

Flutningssvið Landsvirkjunar skal heyra undir sjálfstæða framkvæmdastjórn sem skal vera óháð annarri starfsemi.

IV. KAFLI

Dreifing.

15. gr.

Sérleyfi til dreifingar raforku.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Þeir sem við gildistöku reglugerðarinnar njóta réttar til að reisa eða reka kerfi til dreifingar raforku halda rétti sínum enda uppfylli þeir almenn skilyrði sem dreifiveitur verða að uppfylla samkvæmt raforkulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í sérleyfi samkvæmt 1. mgr. felst einkaréttur og skylda til dreifingar raforku á viðkomandi svæði.

Sérleyfi samkvæmt 1. mgr. má ekki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

16. gr.

Skilyrði sérleyfis.

Dreifiveita skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast sérleyfi til dreifingar og halda þeim rétti, sbr. 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar:

1. Dreifiveita skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili.
2. Dreifiveita skal geta sýnt fram á rekstrarhæfi á hverjum tíma og skal í því skyni vinna rekstraráætlun til 36 mánaða sem skal endurskoðuð árlega. Stjórn og framkvæmdastjórn dreifiveitu ber að tilkynna til Orkustofnunar ef upp kemur sú staða að fyrirsjáanlegt er að rekstrarhæfi dreifiveitu er ekki tryggt.
3. Dreifikerfi skal tengjast flutningskerfinu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður, svo sem ef um lítið einangrað svæði er að ræða.
4. Kröfur sem gerðar eru til öryggis raforkuvirkja, gæða raforku og afhendingaröryggis á hverjum tíma skulu uppfylltar.
5. Dreifiveita skal uppfylla skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um umhverfisvernd sem í gildi eru á hverjum tíma.
6. Dreifiveita skal fjarlægja mannvirki og búnað á eigin kostnað þegar notkun hans er hætt og fyrirsjáanlegt er að hann verður ekki notaður frekar. Ráðherra getur þó að fengnu samþykki viðkomandi sveitarfélags heimilað að ekki þurfi að fjarlægja mannvirki og búnað.
7. Önnur skilyrði sem leiða má af öðrum lögum en raforkulögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

17. gr.

Umsókn um leyfi.

Umsókn um leyfi til dreifingar raforku skal vera skrifleg og skulu fylgja henni eftirfarandi upplýsingar og gögn:

1. Nafn, kennitala og heimili umsækjanda.
2. Stofnefnahagsreikningur eða efnahags- og rekstrarreikningur næstliðins árs.
3. Afmörkun starfsvæðis og lýsing á dreifikerfi.
4. Áætlun um rekstur og uppbyggingu kerfisins til 3 ára.
5. Samningur um tengingu við flutningskerfið.

18. gr.

Efni sérleyfis.

Í sérleyfi til dreifingar skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

1. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.
2. Upplýsinga- og tilkynningaskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.
3. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma.
4. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
5. Hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði þegar notkun þeirra er hætt.
6. Hvort og að hve löngum tíma liðnum endurskoða skuli leyfi.
7. Önnur atriði sem tengjast skilyrðum leyfis og skyldum dreifiveitna samkvæmt raforku-lögum og reglugerð þessari eða leiða má af öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

19. gr.

Málsmeðferð og gjaldtaka.

Leyfi skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Áður en ráðherra veitir leyfi skal hann leita umsagnar Orkustofnunar og viðkomandi sveitarfélaga. Umsagnir skulu berast innan tveggja mánaða frá því beiðni þar að lútandi var send.

Ráðherra skal kynna umsókn um leyfi í Lögbirtingablaði. Þar skal gefa þeim aðilum sem málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Umsækjandi skal kosta birtingu slíkrar auglýsingar.

Ráðherra skal á grundvelli framlagðra gagna, umsagna og athugasemda sem fram hafa komið samkvæmt 3. mgr. meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu leyfis. Telji hann svo ekki vera skal hann synja um veitingu leyfis eða binda leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg í þessu sambandi. Synjun um veitingu leyfis skal rökstudd. Ákvörðun ráðherra skal tekin innan tveggja mánaða frá því öll gögn hafa borist frá umsækjanda og allar umsagnir og athugasemdir liggja fyrir.

Fyrir leyfið skal greiða 50.000 kr. auk 10 kr. fyrir hvern íbúa. Gjaldið skal greitt við móttöku leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum reglugerðar þessarar eða skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast því eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörðun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörðunar.

20. gr.

Starfsemi og skyldur dreifiveitna.

Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Dreifiveitu er m.a. skylt að:

1. Tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - 1.1. Neysluveitur skulu uppfylla skilyrði auglýsingar um tæknilega tengiskilmála nr. 129/1997.
 - 1.2. Virkjanir skulu uppfylla tæknileg skilyrði sem fram koma í tengisamningi.

- 1.3. Þeir sem óska tengingar skulu greiða tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá dreifiveitu.
- Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu dreifikerfisins, öryggi og gæði þess. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd. Sá sem synjað er um tengingu getur farið fram á upplýsingar um með hvaða hætti og innan hvaða tíma gera megi breytingar á kerfinu sem leiði til þess að unnt sé að tengja hann.
2. Dreifiveitur skulu setja sér reglur til þess að tryggja áreiðanleik í rekstri dreifikerfisins og sem skulu a.m.k. kveða á um eftirfarandi atriði:
- 2.1. Hönnun kerfisins og uppbyggingu þess.
 - 2.2. Viðhald kerfisins.
 - 2.3. Reglubundið eftirlit með ástandi kerfisins.
 - 2.4. Eftirlit með verndarbúnaði og stillingu verndarliða.
 - 2.5. Skráningu truflana ásamt mati á orku sem ekki er afhent.
 - 2.6. Eftirlit með álagi dreifikerfisins. Ef um umfangsmikla rekstrartruflun er að ræða skal dreifiveita senda Orkustofnun skýrslu um atvikið innan 14 daga frá því hún var lagfærð. Orkustofnun skal skilgreina hvað telst umfangsmikil rekstrartruflun í þessu sambandi.
3. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
4. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
5. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við ákvæði sem sett hafa verið í reglugerð um viðkomandi dreifiveitu, sbr. 5. mgr. Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að mælingunum.
6. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum.
7. Gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskipta-hagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Dreifiveita getur krafist þess að notkun einstakra notenda sé mæld með samfelldri aflmælingu á kostnað notanda ef notkun samræmist ekki notkunarferlum eða umfang notkunar er mikið. Notendur og sölufyrirtæki geta farið fram á samfellda aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmunar raforku til notanda. Dreifiveitur skulu setja sér reglur um hvernig skömmtun skuli háttáð á dreifiveitusvæðinu. Við setningu reglna um skömmtun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðaþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu.

Um starfsemi og skyldur dreifiveitu, þ. á m. tengingu við kerfið, mælingar, uppgjör og stöðvun orkuafhendingar fer að öðru leyti samkvæmt efni þeirrar reglugerðar sem sett hefur verið um viðkomandi dreifiveitu og staðfest hefur verið af ráðherra og í gildi er 30. júní 2003.

21. gr.
Gjaldskrá.

Gjaldskrár dreifiveitna sem í gildi eru við gildistöku reglugerðarinnar skulu halda gildi sínu. Dreifiveitur geta þó að fenginni staðfestingu Orkustofnunar ákveðið gjaldskrárlækkun. Þá geta dreifiveitur að fenginni staðfestingu Orkustofnunar hækkað gjaldskrá sína í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eða sannanlegar og óviðráðanlegar hækkningar á kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við starfsemina.

Starfssvæði dreifiveitna breytast ekki við gildistöku reglugerðar þessarar. Gjaldskrársvæði dreifiveitna skulu vera hin sömu og starfssvæði þeirra.

22. gr.

Bókhaldslegur aðskilnaður.

Dreifiveita skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar raforku, þ.m.t. kostnaði vegna kerfisstjórnunar, aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Nánar er mælt fyrir um bókhaldslegan aðskilnað í VI. kafla reglugerðarinnar.

V. KAFLI

Raforkuviðskipti.

23. gr.

Leyfi til að stunda raforkuviðskipti.

Leyfi ráðherra þarf til að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa.

Dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til að selja raforku til þeirra notenda á starfssvæði sínu sem ekki geta valið við hvaða raforkusala þeir skipta. Dreifiveita þarf ekki leyfi til að selja raforku á starfssvæði sínu en telst söluþyrmtæki samkvæmt þessum kafla með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja nema sérstaklega sé mælt fyrir um annað.

Leyfi til að stunda raforkuviðskipti má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

24. gr.

Skilyrði leyfis.

Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila.

Söluþyrmtæki skal gera áætlun til 36 mánaða í senn um umfang orkusölu og hvernig það muni útvega raforku til þess að standa við orkusölusamninga sbr. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. hér að neðan. Slík áætlun skal fylgja umsókn um leyfi.

Ráðherra getur krafist þess að söluþyrmtæki setji fram tryggingu er taki mið af áætluðu umfangi orkusölu sbr. 2. mgr. að ofan.

25. gr.

Málsmeðferð og gjaldtaka.

Leyfi skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Ráðherra skal á grundvelli framlagðra gagna meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu leyfis. Telji hann svo ekki vera skal hann synja um veitingu leyfis eða binda leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg í þessu sambandi. Synjun um veitingu leyfis skal rökstudd.

Fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti skal greiða 50.000 kr. Skal gjaldið greitt við móttöku leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum reglugerðar þessarar, skilyrðum leyfisins eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

26. gr.

Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtæki er skylt að:

1. Útvega þá raforku sem nauðsynleg er til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum sbr. reglugerð um kerfisstjórnun raforkukerfisins auk hæfilegrar umsýsluþóknunar skv. gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.
3. Tilkynna flutningsfyrirtækinu daglega um heildarviðskipti með raforku á hverju dreifiveitusvæði. Tilkynningin skal sett fram á því formi sem flutningsfyrirtækið ákveður. Dreifiveitum ber að láta Orkustofnun í té sömu upplýsingar ef stofnunin óskar eftir þeim.
4. Ef notandi kaupir raforku af öðrum en dreifiveitu á sínu dreifiveitusvæði skal viðkomandi sölufyrirtæki tilkynna dreifiveitunni um upphaf og lok viðskipta. Tilkynningin skal sett fram á því formi sem dreifiveitur ákveða.

Heimilt er sölufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Sölufyrirtæki skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti samkvæmt VI. kafla reglugerðarinnar.

27. gr.

Orkuviðskipti.

Eingöngu þeir sem kaupa 100 GWst af raforku eða meira á ári geta keypt raforku af öðrum en dreifiveitu á sínu dreifiveitusvæði.

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari getur hann kvartað til Orkustofnunar.

Um samskipti dreifiveitna og notenda fer að öðru leyti samkvæmt efni reglugerða um einstakar dreifiveitur sem staðfestar voru af ráðherra fyrir gildistöku reglugerðarinnar og í gildi voru 30. júní 2003.

VI. KAFLI

Bókhaldslegur aðskilnaður.

28. gr.

Um ársreikninga fyrirtækja sem falla undir ákvæði reglugerðarinnar fer samkvæmt lögum um ársreikninga.

Ef fyrirtæki á samkvæmt reglugerðinni að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri starfsemi í ársreikningi. Gera skal Orkustofnun grein fyrir sundurlíðuninni í því formi sem stofnunin ákveður.

Sameiginlegum rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækis skv. 3. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja starfsemi í þeim hlutföllum sem eru á milli bókfærðs verðs þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru.

Skipta skal afskriftum af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta í sömu hlutföllum og þeim sem skiptanlegar eru.

Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu skal fyrirtækið gera grein fyrir afkomu einstakra rekstrarþátta í ársreikningi. Skila skal Orkustofnun skýrslu um afkomuna í því formi sem stofnunin ákveður. Útreikningur á afkomu einstakra rekstrarþátta og skiptingu á sameiginlegum kostnaði skal vera í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fasta-fjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækisins skv. 5. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Þeim sameiginlegu þáttum í rekstrar- og efnahagsreikningi sem getið er um í 3. mgr. skal skipt í hlutfalli við verðmæti þeirrar orku sem afhent er.
2. Verðmæti raforku, sbr. 1. tölul., skal miðast við meðalverð raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis, en að teknu tilliti til samninga við notendur sem nota meira en 100 GWst á ári.
3. Til þess að ákvarða verðmæti annarrar orku, sbr. 1. tölul., svo sem heits vatns og gufu, skal Orkustofnun skilgreina eðlilegt einingarverð á þeirri orku við afhendingu frá orkuverinu. Í því skyni skal stofnunin hafa hliðsjón af verði orkunnar þegar hún kemur til kaupenda en að frádregnum kostnaði við flutning, dreifingu og sölu hennar. Jafnframt skal höfð hliðsjón af því við ákvörðun þessa verðs að hlutfall arðs af fastafjármunum sem eru bundnir í jarðvarmaorkuverinu sé svipað hvort sem um er að ræða raforku-vinnslu eða aðra orkuvinnslu.

VII. KAFLI

Eftirlit og úrræði.

29. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt reglugerð þessari fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt henni, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum. Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppnisstofnun um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á.

Um samráð við eftirlitsskylda aðila fer samkvæmt reglugerð um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. raforkulaga.

Orkustofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. fyrir sína hönd.

30. gr.

Heimildir Orkustofnunar.

Orkustofnun skal við framkvæmd eftirlits ekki beita viðurhlutameiri heimildum en nauðsyn krefur og byggja eftirlitið eins og kostur er á innra eftirliti hinna eftirlitsskyldu aðila.

Orkustofnun getur krafðið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa

stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að eftirlitsskyldur aðili komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn reglugerð þessari, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

31. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að eftirlitsskyld starfsemi samræmist ekki skilyrðum reglugerðar þessarar, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10-500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréfluga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Telji Orkustofnun að gjaldskrá sem tilkynnt hefur verið uppfylli ekki kröfur reglugerðar þessarar tekur gjaldskráin ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt að mati stofnunarinnar. Þá getur Orkustofnun gert flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að breyta gjaldskrá sinni að viðlögðum dagsektum.

32. gr.

Eftirlit Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnislög gilda um atvinnustarfsemi þá sem reglugerð þessi nær til.

Ef fyrirtæki stundar vinnslu eða sölu á raforku er því óheimilt að niðurgreiða þá starfsemi með sérleyfisstarfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíka niðurgreiðslu er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu.

33. gr.

Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.

Forsvarsmenn vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis og dreifiveitna bera ábyrgð á því að koma á fót og starfrækja innra eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi. Eftirlitið skal byggt upp á grundvelli gæðastaðla og tekið út og samþykkt af faggiltri skoðunarstofu.

Orkustofnun skal ákveða eðlileg viðmiðunarmörk afhendingaröryggis og gæða raforku í samráði við vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur og birta þau með opinberum hætti. Fyrirtækin skulu á grundvelli viðmiðunarmarkanna setja sér skrifleg markmið um gæði raforku og afhendingaröryggi. Þá skulu fyrirtækin skrá með skipulegum og varanlegum hætti frávik frá hinum settu markmiðum og ákvarða viðbragðsferla vegna frávika. Fyrirtækin skulu vinna úr hinum skráðu upplýsingum í samræmi við fyrirmæli sem Orkustofnun setur þeim og senda Orkustofnun á því formi sem stofnunin ákveður í samráði við þau. Skal úrvinnslan við það miðuð að einfalt sé að sannreyna innra eftirlitið.

34. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn Orkustofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum Orkustofnunar eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir hana, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa.

35. gr.

Kæruleiðir.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli reglugerðar þessarar og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kærur til úrskurðarnefndar raforkumála, samkvæmt 30. gr. raforkulaga.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar, sem ekki verða kærðar samkvæmt 1. mgr., verða kærðar til iðnaðarráðherra. Kæra til iðnaðarráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

36. gr.

Gjaldtaka.

Kostnaður vegna eftirlits Orkustofnunar sem fram fer á grundvelli reglugerðar þessarar er greiddur af gjaldi því sem innheimt er samkvæmt 31. gr. raforkulaga.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa, enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

38. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 1. mgr. 5. gr., 9. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr., 6. mgr. 16. gr., 3. mgr. 20. gr. og 44. gr. raforkulaga og með hliðsjón af 14. tl. IV. viðauka við EES-samninginn öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 1. júlí 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristín Haraldsdóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Reykjanesbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnar-mannvirkjum o.fl., nr. 22/1932, og 31. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum eignum:

Fasteign

Aðalgata 2
 Aðalgata 16a
 Básvegur 5
 Bergvegur 11
 Bergvegur 13
 Bergvegur 21
 Fitjabakki 6
 Fitjabraut 6a, 0101
 Fitjabraut 6a, 0102
 Fitjabraut 61, 0103
 Fitjabraut 6a, 0201
 Fitjabraut 6a, 0202
 Fitjabraut 6a, 0203
 Fitjabraut 6b, 0101
 Fitjabraut 6b, 0201
 Fitjabraut 6c, 0101
 Fitjabraut 6d, 0101
 Flugvallarvegur 50
 Flugvallarvegur 52
 Grófin 9-11
 Grænásvegur 10
 Grænásvegur 14
 Hafnarbakki 10
 Hafnarbakki 19
 Hafnarbraut 1
 Hafnarbraut 2
 Hafnarbraut 4
 Hafnarbraut 6
 Hafnargata 16, 0101
 Hafnargata 16, 0102
 Hafnargata 16, 0201
 Hafnargata 16, 0202
 Hafnargata 18
 Hafnargata 22
 Hafnargata 24
 Hafnargata 26, 0001
 Hafnargata 26, 0101
 Hafnargata 26, 0102
 Hafnargata 26, 0201
 Hafnargata 30

Skráður eigandi

Hulda Garðarsdóttir, Leó Svanur Reynisson
 Guðmundur Mariásson
 Plastgerð Suðurnesja
 Konráð Klemenz Björgólfsson
 Magnús Óskar Ingvarsson
 Sigurður Hafsteinn Matthíasson
 Gámaþjónustan hf.
 Guðmundur Sigurjónsson
 Háhýsi ehf.
 Bjarki Árnason, Berglind Ósk Sigurðardóttir
 Birgir Friðriksson
 Eggert Sigurbergsson
 Háhýsi ehf.
 Háhýsi ehf.
 Háhýsi ehf.
 Sjalfsbjörg Suðurnesjum
 Karvel Ögmundsson
 Jón Eggertsson
 Birgir Guðnason
 Verktakasambandið ehf.
 Fjárýsla ríkisins, ríkisfóhvirðir
 Flugstöð Leifs Eiríkssonar
 Magdalena Olsen
 Höskuldur ehf.
 Tankastöðin ehf.
 M. Magnússon ehf.
 Höskuldur ehf.
 Valgeir Þórðarson
 18 Já sf.
 Sigurður Björgvinsson
 18 Já sf.
 Reynir Eðvarð Guðbjörnsson
 Gunnar Geir Kristjánsson, Arndís Magnúsdóttir
 Píputækni ehf.
 Einar Sædal, Guðrún Árnadóttir
 Tómas S. Guðlaugsson
 Tryggingamiðstöðin hf.
 Brekka
 Alþýðubandalagsfélag Keflavíkur
 Vesturhús ehf.

Fasteign

Hafnargata 38
 Hafnargata 44
 Hafnargata 68a
 Hafnargata 91
 Hringbraut 92c
 Iðavellir 2a
 Íshúsastígur 5, 0101
 Íshúsastígur 5, 0201
 Íshúsastígur 6
 Kirkjuvegur 18, 0101
 Kirkjuvegur 18, 0201
 Kirkjuvegur 28
 Kirkjuvegur 29
 Kirkjuvegur 31
 Njarðarbraut 20
 Njarðvíkurbraut 43
 Njarðvíkurbraut 44
 Njarðvíkurbraut 45
 Njarðvíkurbraut 47, 0101
 Njarðvíkurbraut 47, 0102
 Njarðvíkurbraut 50, 0101
 Njarðvíkurbraut 50, 0102
 Njarðvíkurbraut 50, 0103
 Njarðvíkurbraut 50, 0104
 Njarðvíkurbraut 52
 Njarðvíkurbraut 54
 Njarðvíkurbraut 51-55
 Njarðvíkurbraut 56, 0101
 Njarðvíkurbraut 56, 0102
 Njarðvíkurbraut 56, 0103
 Njarðvíkurbraut 58
 Njarðvíkurbraut 62
 Njarðvíkurbraut 64
 Njarðvíkurbraut 66
 Sjávargata 20, 0001
 Sjávargata 20, 0101
 Sjávargata 27
 Sjávargata 28
 Sjávargata 29
 Sjávargata 30
 Sjávargata 32, 0101
 Sjávargata 32, 0201
 Sjávargata 32, 0301
 Sjávargata 33, 0101
 Sjávargata 33, 0102
 Sjávargata 33, 0103
 Sjávargata 33, 0201
 Sjávargata 33, 0202

Skráður eigandi

E.T.E. Fasteignir ehf.
 Sjálfsbjörg Suðurnesjum, Ragnheiður Guðmundsdóttir
 Gunnar H. Pálsson
 Leiðarendi ehf.
 Halldór Magnússon
 Hjalti Guðmundsson ehf.
 Vilhjálmur Snorrason
 Gina Rós Ereno
 Eysteinn Eyjólfsson, Dagný Gísladóttir
 Svanhvít Freyja Þorbjörnsdóttir
 Erla Björk Sigurðardóttir
 Kári Jónas Húnfjörð, Halldóra Katrín Ólafsdóttir
 Gunnar Þröstur Sæmundsson
 Kristján Salvar Davíðsson, Elen Eik Gunnarsdóttir
 Steypustöð Suðurnesja
 Foldex ehf.
 Hildur Ásgeirsdóttir, Brian Schriker
 Foldex ehf.
 Sólplast ehf.
 Willy Henry Nielson
 Kóbra-plast ehf.
 Andrés Eyjólfsson
 Lilja Björk Andrésdóttir
 Guðrún Andrésdóttir
 Strönd ehf.
 Strönd ehf.
 Haukur Guðmundsson
 Guðmunda G. Björgvinsdóttir
 Andrés Eyjólfsson
 Andrés Eyjólfsson
 Monika Bikielec, Mivhal Jerzy Bikielec
 Laugafiskur hf.
 Laugafiskur hf.
 Laugafiskur hf.
 Sigurjón Reykdal
 Sigurjón Reykdal
 Jóhann Valgeir Jónsson
 Hrafn Jónsson, Hulda Sveinsdóttir
 María Línal Jóhannsdóttir, Þórir Jónsson
 Hjaltalína Sólberg Pálsdóttir, Jóhannes Ingi Sigurðsson
 Þorvaldur Benediktsson, Lilja Rós Ólafsdóttir
 Hrafn Jónsson, Hulda Sveinsdóttir
 Margrét Jónsdóttir, Sveinn Jakobsson
 Friðrik Ársæll Magnússon
 Magnús Friðriksson
 Friðrik Ársæll Magnússon
 Ólafur Magnússon
 Ólafur Magnússon

Fasteign

Sjávargata 33, 0203
Sjávargata 33, 02-0101
Sjávargata 33, 02-0202
Sjávargata 38
Skólavegur 2
Smiðjuvellir 3
Suðurgata 19
Vallargata 7
Vesturgata 5
Víkurbraut 3b

Skráður eigandi

Ólafur Magnússon
Friðrik Ársæll Magnússon, Ólafur Magnússon
Ólafur Magnússon
Garðar Magnússon
Sigrún Ásta Jónsdóttir
Spítukallinn ehf.
Lífeyrissjóður sjómanna
Soffía Hrönn Jakobsdóttir
Guðmundur Sigurðsson
Kristján H. Erlendsson

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfissráðuneytinu, 4. júlí 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ**um kerfisstjórnun í raforkukerfinu.****I. KAFLI****Gildissvið og skilgreiningar.****1. gr.***Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til kerfisstjórnunar raforkukerfisins að undanskildu dreifikerfi. Kerfisstjórnun samkvæmt reglugerð þessari nær til orkuvinnslu, flutningskerfis, raforkusölu og samskipta kerfisstjóra flutningskerfis við kerfisstjórn dreifiveitna.

2. gr.*Skilgreiningar.*

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í reglugerð þessari:

Ekki afhent orka: Áætlað magn raforku sem ekki var unnt að afhenda notanda eða dreifiveitu vegna bilunar í raforkukerfinu, viðhaldsvinnu eða breytinga á því.

Flutningsmörk: Hámark leyfilegs afls sem flytja má um flutningskerfið eða hluta þess.

Jöfnunarorka: Raforka sem kerfisstjóri tryggir að sé til reiðu til að halda jafnvægi milli raforkunotkunar og tapa annars vegar og raforkuvinnslu hins vegar.

Verndarkerfi: Verndarbúnaður til að nema óeðlilegt eða hættulegt ástand í raforkukerfinu, gefa vísun um slíkt ástand og/eða gefa rofabúnaði skipun um að einangra viðkomandi kerfishluta.

Kerfisstjóri: Flutningssvið Landsvirkjunar á gildistíma bráðabirgðaákvæðis VIII með raforkulögum.

Kerfisöng (flöskuháls): Þær aðstæður þegar flutningsgeta flutningsvirkis eða hluta flutningskerfis er ófullnægjandi, þannig að takmarka þurfi orkuflutning.

Reglunargeta: Geta vinnslueiningar til að auka eða minnka raforkuvinnslu við breytingar á tíðni flutningskerfisins.

Reiðuafl: Varaafl sem er tengt raforkukerfinu og er tiltækt án fyrirvara.

Rekstrartruflun: Sjálfvirk útleysing, handvirkt rof sem ekki er áætlað eða misheppnuð innsetning eftir bilun í raforkukerfinu.

II. KAFLI

Kerfisstjórnun.

3. gr.

Hlutverk kerfisstjóra.

Kerfisstjóri ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði raforkuafhendingar. Kerfisstjóri skal í starfi sínu leitast við að tryggja hagkvæmni og skilvirkni í rekstri raforkukerfisins. Kerfisstjóri skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína.

4. gr.

Skyldur kerfisstjóra.

Til þess að geta sinnt hlutverki sínu skal kerfisstjóri:

1. Stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar. Í þessu skyni skal kerfisstjóri gera samninga við vinnsluaðila um vinnslu jöfnunarorku. Kerfisstjóri setur gjaldskrá fyrir jöfnunarorku m.t.t. samninga við vinnsluaðila auk eðlilegs álags.
2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls fyrir rekstur kerfisins með samningum við vinnslufyrirtæki. Kerfisstjóri setur gjaldskrá fyrir reiðuafl m.t.t. samninga við vinnsluaðila auk eðlilegs álags.
3. Hafa í umfangsmiklum truflunum sem hafa áhrif á tíðni eða spennu, heimild til að skerða álag til einstakra notenda eða dreifiveitna eða takmarka raforkuvinnslu. Kerfisstjóra er heimilt að semja um slíka skerðingu við notendur og dreifiveitur. Kerfisstjóri skal setja sér reglur, sbr. 6. gr. um hvernig skömmtun skuli háttað. Við setningu reglna um skömmtun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu.
4. Mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við reglur kerfisstjóra, halda utan um mælingar og skila gögnum til viðkomandi aðila svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku. Senda skal Orkustofnun slíkar upplýsingar mánaðarlega innan 14 daga frá lokum mánaðar. Kerfisstjóri skal setja reglur, sbr. 6. gr., um mælingu raforku í samráði við Orkustofnun. Í reglum þessum skal m.a. útfært hvernig háttað skuli ábyrgð á mæligildum, auðkennum mælipunkta, aðgangi að tíma-mælingum, áætlunum mælastöðu og tímagilda og tilkynningum um mælaskipti. Gjald vegna mælinga skal ákveðið í gjaldskrá.
5. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum og til að tryggja jafnræði í viðskiptum með raforku. Nánar skal kveðið á um form, tíðni og birtingarhátt upplýsinga þessara í reglum, sbr. 6. gr., sem kerfisstjóra ber að setja sér.
6. Ábyrgjast að kerfisöng, til lengri eða skemmri tíma, sé leyst á sanngjarnan hátt fyrir þá aðila sem hlut eiga að máli. Kerfisstjóri skal gera Orkustofnun grein fyrir þeim aðferðum

- sem hann hyggst beita við kerfisöng. Kerfisstjóri skal innan viku gera Orkustofnun skriflega grein fyrir hvernig hvert tilvik var leyst.
7. Ákveða á hverjum tíma stöður rofa við venjulegt rekstrarástand flutningskerfisins. Skipulögð rof sem hafa áhrif á rekstur flutningskerfisins og dreifikerfa á að tilkynna til kerfisstjóra. Kerfisstjóri ákveður hvort af rofinu getur orðið, í samræmi við reglur, sbr. 6. gr., sem hann setur. Þar skulu koma fram þau viðmið er styðjast skal við þegar tekin er ákvörðun um hvort rof er heimilað. Einnig skal kveðið á um fyrirvara rofs. Kerfisstjóri samræmir rof í flutnings- og dreifkerfinu ef þörf er á.
 8. Hafa heimild til þess að ákveða hvers konar almennt verndarkerfi skuli sett upp hjá vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki eða dreifiveitu og hverjar stillingar einstakra hluta þess skuli vera. Kerfisstjóri getur krafist að settur sé upp, til viðbótar almennu verndarkerfi, búnaður fyrir sjálfvirkar aðgerðir í raforkukerfinu til að koma í veg fyrir hrun þess eða til að auka flutningsgetu flutningskerfisins. Kerfisstjóri skal greiða kostnað af slíkum viðbótarbúnaði. Sá sem í hlut á má ekki gera slíkan búnað virkan án samráðs við kerfisstjóra.
 9. Kerfisstjóri ákveður rekstrarleg flutningsmörk í flutningskerfinu. Flutningsmörkin mega ekki vera hærri en hámarksflutningsgeta einstakra virkja nema með samþykki eigenda flutningsvirkis.

5. gr.

Skyldur annarra gagnvart kerfisstjóra.

- Til þess að kerfisstjóri geti sinnt hlutverki sínu:
1. Skulu eigendur flutningsvirkja hafa tiltækt yfirlit yfir hámarksflutningsgetu þeirra.
 2. Getur kerfisstjóri farið fram á að hafa aðgang að vísunum um stöðu rofa hjá vinnslufyrirtækjum, flutningsfyrirtæki og dreifiveitum ásamt aðgangi að vísunum annarra tækja svo og mælinga sem kerfisstjóri telur nauðsynlegar fyrir öruggan og hagkvæman rekstur raforkukerfisins.
 3. Skulu vinnslufyrirtæki, dreifiveitur og söluvirkjakerfi upplýsa kerfisstjóra um áætlanir um ný virki eða breytingar á virkjum sem geta haft áhrif á rekstur og nýtingu flutningskerfisins. Ný virki eða breytt má ekki taka í notkun fyrr en skilyrði sem kerfisstjóri hefur gert til þeirra eru uppfyllt. Kerfisstjóri skal setja reglur um skilyrði og kröfur sem gerð eru til raforkuvirkja.
 4. Skulu vinnslufyrirtæki og dreifiveitur tilkynna kerfisstjóra um sölu- og vinnsluáætlanir ásamt breytingum á þeim. Senda skal kerfisstjóra áætlun um orkuvinnslu og orkunotkun næsta sólarhrings fyrir klukkan 12.00 dag hvern.
 5. Skulu vinnslufyrirtæki og dreifiveitur og söluvirkjakerfi gera áætlanir, sem uppfylla kröfur kerfisstjóra um hvernig þeir koma raforkuvirkjum sínum í eðlilegan rekstur eftir rekstrartruflanir í flutningskerfinu eða vinnslueiningum því tengdum. Kerfisstjóri stýrir enduruppbyggingu. Kerfisstjóri getur farið fram á skömmun í ákveðinn tíma og af ákveðnu umfangi. Kerfisstjóri samþykkir hvenær notandi tengist raforkukerfinu á ný eftir skömmun.

6. gr.

Reglur um kerfisstjórnun.

- Kerfisstjóri skal setja reglur um kerfisstjórnunina sem staðfestar skulu af ráðherra, sbr. 5. mgr. 9. gr. raforkulaga. Áður en kerfisstjóri setur reglurnar skal raforkufyrirtækjum gefinn kostur á að veita umsögn um þær. Í reglunum skal m.a. kveðið nánar á um þau atriði sem tilgreind eru í greinum 4 og 5 hér að ofan.

III. KAFLI Almenn ákvæði.

7. gr.

Gjaldskrá vegna kerfisstjórnunar.

Kerfisstjóri skal setja sér gjaldskrá vegna kerfisstjórnunar sem skal birt opinberlega að fenginni staðfestingu Orkustofnunar.

Gjaldskráin skal standa undir kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við kerfisstjórnun, þ.m.t. kostnaði vegna jöfnunarorku og reiðuafis, viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum vegna kerfisstjórnunar, fjármagnskostnaði, og almennum rekstrarkostnaði. Þá er kerfisstjóra heimilt að áskilja sér eðlilega arðsemi af því fjármagni sem bundið er vegna kerfisstjórnunar.

8. gr.

Bókhaldslegur aðskilnaður.

Um ársreikninga kerfisstjóra fer samkvæmt lögum um ársreikninga. Kerfisstjóri skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnar raforkukerfisins aðskildum frá reikningum annarrar starfsemi. Gera skal Orkustofnun grein fyrir sundurliðuninni á því formi sem stofnunin ákveður.

Sameiginlegum rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur kerfisstjóra skv. 2. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja starfsemi í þeim hlutföllum sem eru á milli bókfærðs verðs þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru.
2. Skipta skal afskriftum af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta í sömu hlutföllum og þeim sem skiptanlegar eru.
3. Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

9. gr.

Aðgangur að upplýsingum og þagnarskylda starfsmanna.

Kerfisstjóri skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifi-veitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið geti rækt hlutverk sitt. Skal flutningsfyrirtækið gæta trúnaðar um upplýsingar sem fyrirtækið fær í hendur og varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ber kerfisstjóra að setja sér verklagsreglur um stjórnun upplýsingaöryggis. Skal starfsmönnum kerfisstjóra gert að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu

IV. KAFLI Eftirlit og úrræði.

10. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt reglugerð þessari fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt henni, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum.

Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppnisstofnun um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá kerfisstjóra eftir því sem við á.

11. gr.

Heimildir Orkustofnunar.

Orkustofnun skal við framkvæmd eftirlits ekki beita viðurhlutameiri heimildum en nauðsyn krefur og byggja eftirlitið eins og kostur er á innra eftirliti hinna eftirlitsskyldu aðila.

Orkustofnun getur kafið kerfisstjóra um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað kerfisstjóra til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að kerfisstjóri komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð kerfisstjóra og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn reglugerð þessari eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

12. gr.

Heimildir kerfisstjóra.

Skirrist raforkufyrirtæki við að verða við tilmælum kerfisstjóra um afhendingu upplýsinga eða aðgerðir í raforkukerfinu sem byggðar eru á reglugerð þessari eða öðrum heimildum upplýsir kerfisstjóri Orkustofnun um það. Orkustofnun getur beitt dagsektarákvæðum sbr. ákvæði raforkulaga og reglugerðar um framkvæmd þeirra.

V. KAFLI

Ýmis lagaákvæði.

13. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 9. og 44. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og með hliðsjón af 14. tl. IV. viðauka við EES-samninginn öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 1. júlí 2003 .

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristín Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um Orkusjóð.

I. KAFLI

1. gr.

Stjórnskipan.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra. Orkustofnun annast daglega umsjóu Orkusjóðs. Hjá Orkustofnun starfar orkuráð, sbr. 6. gr. laga um Orkustofnun, sem gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði.

2. gr.

Hlutverk Orkusjóðs.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánnum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Þetta skal gert með því:

1. að veita lán til að leita að jarðvarma þar sem hagkvæmt þykir til að draga úr kostnaði þjóðfélagsins við upphitun húsnæðis,
2. að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda,
3. að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi,
4. að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni.

Orkusjóði er ekki heimilt að veita Orkustofnun styrki eða lán af fé sjóðsins.

3. gr.

Hlutverk orkuráðs.

Orkuráð skal gera tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði í samræmi við fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Orkuráð skal setja sér verklagsreglur er kveða á um hvernig hagað skuli meðferð láns- og styrkumsókna úr Orkusjóði. Í reglum þessum skal m.a. koma fram hvaða almennu viðmið orkuráð hefur þegar tekin er ákvörðun um tillögugerð að styrk- eða lánveitingum úr Orkusjóði. Að auki skulu tilgreind önnur skilyrði er orkuráð telur þörf á. Verklagsreglur orkuráðs vegna greiðslna úr Orkusjóði skulu staðfestar af ráðherra og birtar opinberlega.

Áður en tillaga er gerð um styrki eða lánveitingu úr Orkusjóði skal orkuráð leita umsagnar Orkustofnunar. Þegar um er að ræða umsögn um lánveitingar til leitar að jarðvarma skal koma fram mat á jarðfræðilegum og vinnslutæknilegum líkum á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

4. gr.

Tekjur og gjöld.

Tekjur Orkusjóðs eru:

1. vextir af fé sjóðsins,
2. fé það sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

Orkustofnun er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að semja við aðila, sem hafa leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um umsjón og tryggja vörslu fjár sjóðsins.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga.

Orkuráð skal á ári hverju semja tekju- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð. Skal áætlun þessi send ráðherra í tæka tíð fyrir gerð fjárlagafrumvarps.

Orkustofnun skal gera eða láta útbúa ársreikning fyrir Orkusjóð eigi síðar en 1. mars ár hvert fyrir næst liðið ár og leggja hann fyrir orkuráð til umsagnar áður en reikningurinn er staðfestur.

6. gr.

Lánakjör Orkusjóðs.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru skv. 1. tölul. 2. gr. skulu verðtryggt og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en tíu ár.

7. gr.

Heimild til niðurfellingar endurgreiðsluskyldu lána.

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 1. tölul. 2. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir þegar lánið var veitt eða kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 1. tölul. 2. gr. Áður en orkuráð leggur mat á það hvort ofangreindar forsendur séu fyrir hendi skal leita álits Orkustofnunar.

8. gr.

Eftirlit.

Orkustofnun hefur eftirlit með þeim framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til. Skylt er að láta fyrir fram í té fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugað verk og gefa Orkustofnun kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins sem það telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Orkustofnun skal tilkynna ráðherra ef skilyrðum sem hún setur er ekki fylgt. Ráðherra getur stöðvað greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun, tekur þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. júlí 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristín Haraldsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 979/2001, um Lagastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Fjórfra grein reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Á vegum Lagastofnunar starfa rannsóknarstofur, sem stjórn hennar hefur samþykkt að settar verði á fót. Stjórn Lagastofnunar skal setja reglur um rannsóknarstofur sem starfa á hennar vegum. Lagastofnun annast skrifstofuhald fyrir rannsóknarstofur og önnur verkefni að því marki sem mælt er fyrir um í reglum um rannsóknarstofur.

2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu lagadeildar og stjórnar Lagastofnunar, og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. júní 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 826/2001, um Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

1. gr.

Heiti reglnanna, sem settar voru 25. október 2001, breytist og verður: Reglur um Rannsóknastofnu í kvenna- og kynjafræðum.

2. gr.

Orðin „Rannsóknastofa í kvennafræðum“ í 1. gr. og annars staðar í reglunum breytast og verða: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

3. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu stjórnar Rannsóknastofu í kvennafræðum, og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. júní 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um meistaranám við læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglum þessum er fjallað um meistaranám við læknadeild Háskóla Íslands skv. 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

2. gr.

Markmið.

Markmið meistaranáms við læknadeild er að veita nemandanum vísindalega þjálfun að loknu grunnnámi. Meistaránámið skal auka faglega þekkingu og veita þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir líf- og læknisfræði og skyldra greina.

3. gr.

Rannsóknanámsnefnd.

Rannsóknanámsnefnd læknadeildar fer með málefni meistaranámsins í umboði deildarráðs. Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáætlun (sbr. 8. gr.), skipa menn í meistaranámsnefndir, skipa prófdómara fyrir meistaraþróf (sbr. 15. gr.) og sjá um meistaraþróf.

4. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri en til 15. september fyrir innritun á vormisseri.

5. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu læknadeildar. Rannsóknanámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars (vegna innritunar á haustmisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október. Umsókn skal fylgja námsáætlun (þar á meðal listi yfir fyrirhuguð námskeið), lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknar-áætlun, sbr. umsóknareyðublað. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknanámsnefndar.

Ferli umsókna:

- a) Nemandi finnur sér leiðbeinanda.
- b) Nemandi sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á skrifstofu læknadeildar og er eyðublaðinu skilað þangað.
- c) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um meistaranám.
- d) Læknadeild synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu bréflaga, sbr. afgreiðslufrest umsókna hér að framan.
- e) Afgreiðsla í læknadeild er tilkynnt til Nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.

- f) Nemandi sem rannsóknanámsnefnd hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til Nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja rannsóknánám á haustmisseri skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormisseri skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.

6. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í meistaranám við læknadeild þarf stúdent að hafa lokið B.S.-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári við læknadeild Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki einkunnina 6,5 í aðaleinkunn úr B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

7. gr.

Einingafjöldi og tímallengd náms.

Meistaranám við læknadeild er 60 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Nemandi getur innritast í meistaranám til fjögurra ára frá upphafi og er þá miðað við 15 einingar á hverju ári. Við brautskráningu skal sýnt að nemandi hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann.

8. gr.

Samsetning náms.

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Vinna að eigin rannsóknarverkefni og samning ritgerðar sem byggist á því er meginhluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 30 einingar en mest 45 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, seminörum og lesnámskeiðum. Kynning á verkefninu á ráðstefnu telst einnig til þjálfunar og má meta til eininga samkvæmt umsókn. Þátttaka í þremur námskeiðum er skylda: málstofu læknadeildar (3 einingar), hagnýt líftölfræði (2 einingar) og vísindaleg aðferðafræði og greinaskrif (2 einingar). Nemandi í meistaranámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn kennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni stúdents en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð.

9. gr.

Breyting á meistaranámi í doktorsnám.

Hafi nemandi innritað sig í meistaranám en ákveði áður en hann lýkur því að fara í doktorsnám er honum heimilt að óska eftir því við rannsóknanámsnefnd að breyta skráningu úr meistaranámi í doktorsnám. Nemandi leggur þá fram ítarlega áfangaskýrslu og gengst undir munnlegt próf á vegum rannsóknanámsnefndar. Um slíka breytingu gilda að öðru leyti reglur um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands.

10. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af meistaranámi.

Miðað er við að ekki fleiri en 10 einingar komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemenda í meistaranámi sem taka námskeið í grunnnámi sem hluta af námi sínu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6,0.

11. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Meistaraneemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt stúdent, leggur fram námsáætlun sem lækna-deild samþykkir. Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í rannsóknarverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu en leiðbeinandi sér um að leiðbeina stúdent í rannsóknarverkefni.

12. gr.

Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og rannsóknarverkefnið.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein eða sérfræðingur sem hefur fengið viðeigandi hæfnismat. Leiðbeinendur meistaraneema geta þeir einir orðið sem lokið hafa a.m.k. meistaraprófi á fræðasviðinu eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur meistaraneema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni stúdents á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

13. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Nemendur geta tekið hluta meistaránáms við aðra háskóla.

14. gr.

Meistaránámsnefndir.

Meistaránámsnefnd skal skipuð þremur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaránámsnefnd. Rannsóknánámsnefnd skipar meistaránámsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar. Meistaránámsnefnd heldur reglulega fundi með nemandanum og skilar árlegri skýrslu um framvindu námsins til rannsóknánámsnefndar.

15. gr.

Prófarar.

Rannsóknánámsnefnd tilnefnir tvo prófara sem prófa meistaraneema og leggja mat á rannsóknarverkefni hans ásamt meistaránámsnefnd. Prófdómarar skulu ekki vera tengdir rannsóknarverkefninu.

16. gr.

Námsmat og meistarapróf.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats rannsóknánámsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents. Í meistaraprófi flytur nemandi fyrirlestur um rannsóknarverkefnið (20-40 mín) og hafa prófdómarar síðan samtals u.þ.b. klukkustund til að prófa nemandann. Prófdómarar ásamt umsjónarkennara og prófstjóra sem skipaður er af rannsóknánámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn (0-10).

17. gr.

Skil og frágangur meistararitgerða.

Meistararitgerð má skrifa á íslensku eða ensku. Í meistararitgerð skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum skal lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukafli sem fjallar um verkefnið í heild. Heimildaskrá sem skal vera samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Hafi nemandi skrifað grein/greinar til birtingar geta þær verið hluti af ritgerðinni, auk þeirra sé í ritgerðinni ítarlegur inngangur ásamt umræðum. Í ritgerð skal getið stofnana eða fyrirtækja þar sem rannsóknin var unnin og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið. Um frágang meistararitgerðar vísast til leiðbeininga deildarinnar. Meistararitgerð skal skilað í fimm eintökum til skrifstofu læknadeildar eigi síðar en sex vikum fyrir áætlaðan prófdag. Læknadeild tekur ekki þátt í kostnaði vegna meistararitgerða.

18. gr.

Lærdómstitlar.

Að loknu meistaranámi hlýtur stúdent lærdómstitilinn *Magister scientiarum* (M.S.).

19. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í læknadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um meistaranám við læknadeild Háskóla Íslands sem samþykktar voru af háskólaráði 11. febrúar 1999.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla læknadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 27. júní 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um breytingu (16) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. reglnanna:

1. Fyrsta málsgrein greinarinnar breytist og verður svohljóðandi: Stúdentar sem hefja nám í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almenn er áskilið að stúdentspróf sé af bóknámsbraut, en deildir geta með samþykki háskólaráðs ákveðið að falla frá því skilyrði.
2. Við greinina bætist ný málsgrein (7. mgr.) svohljóðandi: Upplýsingum um inntökuskilyrði deildar skal komið á framfæri í kennsluskrá, á vefsetri Háskólans og í kynningarefni til nýrra stúdenta. Skal skýrt tekið fram að inntökuskilyrði geti verið mismunandi milli deilda, þannig að heimild til skráningar í eina deild veiti ekki sjálfkrafa rétt til skráningar í aðra.

2. gr.

Fyrsti málslíður 5. tölul. 68. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Reglur deilda tilgreini þann námsstíma sem miðað er við í eðlilegri námsframvindu og hámarksnámsstíma. Deild er heimilt að tiltaka í reglum sínum að stúdent geti frá upphafi verið skráður í meistaranám til fjögurra ára og er þá miðað við 15 einingar á hverju ári. Við brautskráningu skal sýnt að stúdent hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námsstímann.

3. gr.

Fyrsta málsgrein 92. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Á fyrsta misseri BA-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e. almennri lögfræði, inngangi að lögfræði og ágripi af réttarsögu. Á vormisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti ásamt ágripi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og heimspekilegum forspjallsvísindum. Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í BA-námi er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði og inngangi að lögfræði.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. reglnanna:

1. Við upptalningu kennslugreina til M.Paed. prófs í 1. mgr. bætast eftirtaldar greinar: Franska, spænska og þýska.
2. Við upptalningu kennslugreina til M.A.-prófs í 1. mgr. bætist eftirtalin grein: Þýðingar.
3. Aftan við upptalningu kennslugreina til doktorsprófs bætist eftirfarandi málslíður: Ennfremur er við heimspekideild unnt að stunda nám til doktorsprófs á fagsviðum þar sem skor og deildarráð meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.
4. Heitið „skor rómanskra og slavneskra mála“ í upptalningu skora í 5. mgr. breytist og verður: skor rómanskra og klassískra mála.
5. Framan við orðið „stundakennara“ í 3. másl. 5. mgr. bætist: aðjunkt og.
6. Seinni málslíður 8. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Stúdentum sem lokið hafa einu námskeiði í kennslugrein skal gefinn kostur á að ljúka 30 einingum í greininni ef því verður við komið.

5. gr.

Sjötti málslíður 1. mgr. 103. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi: Telst hann þá hafa lokið B.A.-prófi í tveimur aðalgreinum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. reglnanna:

1. Aftan við annan málslíð greinarinnar kemur nýr málslíður svohljóðandi: Skorir geta veitt undanþágu frá kröfum um lágmarkseinkunn.
2. Í stað tölunnar „30“ í fjórða málslíð greinarinnar kemur: 15.
3. Í stað tölunnar „10“ í lokamálslíð greinarinnar kemur: 15.

7. gr.

Annar og þriðji málslíður 1. mgr. 105. gr. reglnanna breytast og verða svohljóðandi:

Áskilið er að hann hafi lokið B.A.-prófi með fyrstu einkunn. Skorir geta veitt undanþágu frá kröfum um lágmarkseinkunn.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. reglnanna:

1. Fyrsta málsgrein breytist og verður svohljóðandi: Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi frá heimspekideild Háskóla Íslands með fyrstu einkunn getur sótt um aðgang að doktorsnámi samkvæmt 5. mgr. 101. gr. reglna þessara. Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi eða öðru samsvarandi prófi frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem deildin viðurkennir, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnámi við heimspekideild. Þá skal menntun hans metin með tilliti til aðalgreinar við doktorsnám og honum gerðar frekari námskröfur en þeim stúdentum sem hafa lokið M.A.-prófi frá deildinni.
2. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Námsáætlun skal samin í samráði við leiðbeinanda og staðfest af deildinni. Námsárangur skal staðfestur með mati sem deildin viðurkennir og með árangri sem hún metur fullnægjandi.
3. Þriðja og fjórða málsgrein greinarinnar falla brott.
4. Í stað orðsins „Leiðbeinanda“ í upphafi 5. másl. 3. mgr. (áður 5. mgr.) kemur: Aðalleiðbeinanda.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. júní 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, Þingvallastræti/Víðilundur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að austasti hluti iðnaðarsvæðis við gatnamót Dalsbrautar og Þingvallastrætis verður íbúðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, nýtt ákvæði vegna næturklúbba.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að við greinina „Ákvæði fyrir einstaka starfsemi“ undir kaflaheitinu Landnotkunarflokkar í gildandi aðalskipulagi, bætist við eftirfarandi ákvæði: „Rekstur næturklúbba á skipulagssvæðinu er með öllu óheimill, nema þar sem gert er ráð fyrir þeim í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Sbr. 9. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 67/1985, með síðari breytingum er næturklúbbur skilgreindur sem veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni.“

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, Tröllagil.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að opið óbyggt svæði við gatnamót Borgar- og Hlíðarbrautar breytist í íbúðarsvæði á þann veg að lóð nr. 29 við Tröllagil stækkar til norðurs. Á lóðinni er gert ráð fyrir 9 hæða fjölbýlishúsi þar sem heimilt verður að reka leikskóla á tveimur neðstu hæðunum.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
509	26. júní	Auglýsing um deiliskipulag fyrir íbúðarhús og frístundahús í landi Tungulækjar, Borgarbyggð	1601
510	25. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 668/2002, um togbrautarbúnað til fólksflutninga	1601
511	1. júlí	Reglugerð um framkvæmd raforkulaga	1602-1615
512	4. júlí	Samþykkt um forkaupsrétt Reykjanesbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins	1616-1618
513	1. júlí	Reglugerð um kerfisstjórnun í raforkukerfinu	1618-1622
514	2. júlí	Reglugerð um Orkusjóð	1623-1624
515	27. júní	Reglur um breytingu á reglum nr. 979/2001, um Lagastofnun Háskóla Íslands	1625
516	27. júní	Reglur um breytingu á reglum nr. 826/2001, um Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands	1625
517	27. júní	Reglur um meistaranám við læknadeild Háskóla Íslands ...	1626-1629
518	27. júní	Reglur um breytingu (16) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000	1629-1631
519	4. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Þingvallastræti/Víðilundur	1631
520	4. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, nýtt ákvæði vegna næturlúbba	1632
521	4. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Tröllagil	1632

